

Greinargerð B-hluta fyrirtækja 2025

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2025

Lagt fram í borgarráði 27. Apríl 2026



Efnisyfirlit

B-hluti	2
Faxaflóahafnir	2
Félagsbústaðir	9
Orkuveita Reykjavíkur	14
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	22
SORPA bs.	26
Strætó.....	32
Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki	39

B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.

Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir

Rekstrarniðurstaða

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	Raun 12 2025	Áætlun 12 2025	Frávik	%	Raun 12 2024	Breyting	%
Rekstrartekjur	6.991	6.521	470	7,2%	6.497	494	7,6%
Rekstrargjöld	-4.587	-4.646	59	-1,3%	-4.241	346	8,2%
EBITDA	2.404	1.875	529	28,2%	2.256	147	6,5%
Afskriftir	-1.037	-949	88	-9,3%	-898	139	15,5%
EBIT	1.366	925	617	66,7%	1.358	8	0,6%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	228	120	108	90,2%	288	-60	-20,8%
Óreglulegir liðir	0	0	0	n/a	6	-6	n/a
Rekstrarniðurstaða	1.594	1.045	549	52,5%	1.652	-57	-3,5%

Rekstrarniðurstaða ársins 2025 var 57 m.kr. lægri en árið áður eða 3,5% og 549 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í áætlun ársins eða 52,5%.


Tekjur á árinu voru 6.991 m.kr. og voru 7,6% hærri en árið áður eða 494 m.kr. og 470 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 7,2%.

Rekstrargjöld hækka um 8,2% milli ára og eru 4.587 m.kr. eða 346 m.kr. hærri en árið áður. Áætlun ársins gerði ráð fyrir 4.646 m.kr. í rekstrargjöld og eru þau því 1,3% lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Afskriftir námu 1.037 m.kr. og eru 139 m.kr. hærri en árið áður en áætlun ársins gerði ráð fyrir 949 m.kr. og eru því 88 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 9,3%.

Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnskostnaði námu 228 m.kr. en voru 288 m.kr. árið áður.

Á árinu var gjaldfærð lífeyrisskuldbinding vegna eldri starfsmanna upp á 95 m.kr. Að auki voru 6,8 m.kr. tekjufærðar þar sem Vetrnisfélag Katanesi greiddi staðfestingargjald vegna undirritunar á lóðaleigusamningi fyrir Katanesveg 30. Lóðarúthlutunargjaldið er tvískipt og greiðist í tveimur áföngum samkvæmt samningi, þegar ákveðnum skilyrðum er náð. Heildarvirði samningsins nemur 678,3 m.kr. og er mikilvægur hluti uppbyggingar á iðnaði á Grundartanga. Að auki voru bókfærðar tekjur vegna sölu á tveimur bifreiðum og hlut félagsins í Aflvaka ehf.



EBITDA ársins var 34,4% og var 5,7% hærri en áætlun gerði ráð fyrir og lækkar um 0,3% milli ára.

Áskoranir félagsins felast meðal annars í að halda þétt utan um rekstrarkostnað og ná hagkvæmum samningum við birgja með hliðsjón af fjárfrekari tekjuliðum s.s. þjónustu við farþegaskip.

Rekstrarniðurstaða á svið félagsins

	2025		2024		Br.	2025		2024		Br.	2025		2024		Br.	2025		2024		Br.	2025		2024		Br.
	Hafnarþjónusta		Hafnarinnviðir			Siglingavernd		Eigna- og þróunarsvið			Stjórnun & Framkv.		Samtals												
Rekstrartekjur	1.740	1.565	3.289	3.084		514	498	1.449	1.351		0	0	6.991	6.497		6.991	6.497								
	1.740	1.565	11,2%	3.289	3.084	6,6%	514	498	3,2%	1.449	1.351	7,3%	0	0	n/a	6.991	6.497	7,6%							
Laun og tengd gjöld	-1.070	-1.047	2,3%	-295	-290	1,7%	-95	-91	4,6%	-18	-27	-34,6%	-639	-459	39,2%	-2.117	-1.914	10,6%							
Rekstrarkostnaður	-364	-353	3,1%	-460	-501	-8,1%	-336	-266	26,0%	-730	-752	-2,9%	-127	-123	3,7%	-2.017	-1.994	1,1%							
Stjórnunarkostnaður	-27	-25	4,6%	-36	-30	19,2%	-16	-4	300,1%	-36	-23	57,3%	-338	-250	35,2%	-453	-333	36,2%							
	-1.461	-1.425	2,5%	-792	-821	-3,6%	-447	-361	23,7%	-783	-802	-2,3%	-1.105	-832	32,8%	-4.587	-4.241	8,2%							
Dreifing launa	400	295	n/a	-314	-222	n/a	-5	-8	n/a	-64	-46	n/a	-17	-19	n/a	0	0	n/a							
Hlutdeild í stjórnunarkostnaði	-331	-250	n/a	-442	-333	n/a	-110	-83	n/a	-221	-166	n/a	1.105	832	n/a	0	0	n/a							
EBITDA	-52	-109	-52,3%	2.055	1.930	6,5%	-43	54	-181,0%	444	382	16,2%	0	0	n/a	2.404	2.256	6,5%							

Hafnarþjónusta

Tekjur hækka um 11,2% miðað við árið áður og ber hér helst að nefna að gjaldskrárhækkun hafnarþjónustu, hún var 1% hærri en almenn verðskrárhækkun (5,9%). Nýting á dráttarbátum Magna var góð á árinu vegna ofsaveðurs á fyrstu mánuðum ársins. Laun hækka um 2,3% en rekstrarkostnaður lækkar um 7,8%.

Hafnarinnviðir

Tekjur hækka um 6,6% milli ára, að stærstum hluta vegna nýrra samninga við stóriðju á Grundartanga sem skiluðu 107 m.kr. aukningu í tekjum. Launakostnaður lækkar um 1,7% milli ára. Áhrif rekstrarstöðvunar hjá Norðuráli var óverulegur 2025 en óvíst er um áhrif á nýju ári. Heildarumsvif á viðskiptum Norðuráls við Faxaflóahafnir eru rúm 5%. Rekstrarkostnaður lækkar um 14,7% en ákveðið var að eignfæra stórar viðgerðir á Ægisgarði sem námu um 103 m.kr.

Siglingavernd

Tekjur hækka um 3,2% en tekjurnar eru afleidd stærð af vörugjöldum (án olíugjalda). Laun hækka um 4,6% en rekstrarkostnaður lækkar um 26% milli ára. Helsta skýring er að verið var að uppfæra öryggismyndavélar og kerfi og einnig aðgangsstýringu á hafnarsvæðum.

Eignaleiga

Tekjur hækka um 7,3% milli ára sem er í takt við almennar verðlagshækkunarir. Tekjur af lóðarleigu hækka um 8,7%, skammtímaleiga hækka um 60% milli ára, en nýtt gámasvæði var tekið í notkun á Grundartanga síðasta sumar. Tekjur af húsaleigu lækka um 3,5%, en leigusamningi við Lífland var sagt upp í apríl. Laun lækka um 34,6% milli ára en fækkun var um eitt stöðugildi. Rekstrarkostnaður lækkar um 2,3%.

Stjórnun og framkvæmdasvið

Laun og launatengd gjöld hækka um 39,2% milli ára, en þrjú ný stöðugildi bættist við, eitt á framkvæmdasviði, hafnarinnviðum og í hafnavernd. Að auki voru gjaldfærðar 95 m.kr. vegna lífeyrisskuldbindinga vegna eldri starfsmanna hafnarinnar. Rekstrarkostnaður lækkar um 3,7% milli ára, en stjórnunarkostnaður um 35,2%. Helstu ástæður hækkunar milli ára er vinna við hönnun á ytri vef 20 m.kr. auk fjárfestinga í nýjum öryggismyndavélum og netbúnaði. Einnig var ytri aðstoð vegna skjalastjórnunar 22 m.kr. og að auki var ytri ráðgjafar að hanna nýjan ytri vef félagsins. Á árinu 2024 var niðurfærsla viðskiptakrafna til tekna um 18 m.kr. en niðurfærslan var mjög há miðað við þá áhættu og tap sem félagið hefur mætt vegna viðskiptakrafna.

Rekstrartekjur

Síðustu árin hafa rekstrartekjur verið að aukast töluvert á milli ára og gildir það sama um árið 2025.

Allir tekjuliðir hækka milli ára nema aflagjöld sem lækka óverulega eða um 9,5 m.kr.


Heildarvöruflutningar á milli ára dragast saman um 1,5% þó tekjur af vörugjöldum hækki um 200 m.kr. Helsta ástæða eru nýir samningar við stóriðju á Grundartanga, sem skilar töluverðri hækkun (107 m.kr.). Siglingavernd er reiknuð stærð af vörugjöldum og farþegakomum og fylgir sú tekjuaukning ofangreindum liðum. Tekjur af skipagjöldum eru svipaðar og árið áður, þrátt fyrir lítills háttar samdrátt í komum en skip voru bæði stærri og lengur við bryggju.

Eignatekjur hækka óverulega en fækkun í útleigu á húseignum er hér aðalorsök. Vont veður fyrstu mánuði ársins kallaði á aukna þjónusta dráttarþátsins Magna og það ásamt samblandi af áhrifum á uppfærslu gjaldskrárlíða sem snúa að hafnarþjónustu aukinni þjónustu við skemmtiferðaskip og farþegaskipti skilaði sér í tekjuaukningu á sviðinu.


Þegar horft er til hlutfallsskiptingar tekna, eru vörugjöld og hafnarþjónusta áfram stærstu liðir tekna en eignatekjur koma þar fast á eftir. Á myndunum hér fyrir neðan sést þróun rekstrartekna eftir tekjuflokkum og hlutfallsskipting þeirra á árinu 2025.

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	Raun 12 2025	Áætlun 12 2025	Raun 12 2024	Raun 12 2023	Raun 12 2022	Raun 12 2021
Vörugjöld	1.882	1.797	1.682	1.475	1.624	1.512
Aflagjöld	248	258	257	240	274	151
Skipagjöld	1.004	1.028	999	1.070	636	436
Farþegagjald	155	139	133	112	69	19
Eignatekjur	1.448	1.462	1.363	1.241	1.161	1.093
Hafnarþjónusta	1.740	1.258	1.565	1.050	941	601
Siglingavernd	514	580	498	452	454	332
Tekjur samtals	6.991	6.521	6.497	5.639	5.159	4.145

Þróun rekstrartekna milli ára eftir flokkum




Hlutfall á milli rekstrartekjuflokka á tímabilinu [m.kr.]




Skipa- og farþegagjöld og tekjur af hafnarþjónustu og siglingavernd

Skipagjöld og hafnarþjónusta skiluðu samanlagt 2.899 m.kr. í tekjur, sem er 202 m.kr. hærra en árið áður. Skipakomum fækkar um 54 á milli árána 2024 og 2025, þar af fækkar farþegaskipum um 19. Þó komur farþegaskipa hafi fækkað á árinu, þá er töluverð aukning í farþegaskiptum og tekjum í tengdri þjónustu við skipin. Flutningaskip eru þó áfram langstærsti tekjuliðurinn þegar horft er til flokkunar eftir tegundum skipa.



Hlutfall koma í % eftir tegundum skipa



Eignatekjur og aðrar tekjur

Leigutekjur af lóðum og fasteignum sem jafnframt mynda stofn eignatekna hækka milli ára og skýrist það af hækkun á fasteignamati lóða sem notað er við útreikninga lóðaleigu sem og hækkunar á BVT sem notuð er við útreikninga húsaleigu. Flestar eignir félagsins eru í langtímaútleigu.

Rekstrargjöld

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	Raun 12 2025	Áætlun 2025 12	Raun 2024 12	Raun 2023 12	Raun 2022 12	Raun 2021 12
Laun og tengd gjöld	2.117	2.020	1.914	1.750		
Rekstrarkostnaður	2.009	2.318	1.988	1.600		
Stjórnun	461	309	340	473		
Gjöld samtals	4.587	4.646	4.241	3.823	2.961	2.417

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2025 voru 2.009 m.kr. er það 21 m.kr. hækkun frá fyrra ári. Útgjöld félagsins ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sértækum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Ákveðið var að eignfæra viðhald á Ægisgarði á árinu (107 m.kr.), sem áður heyrði undir rekstrarverkefni, skýrir það að hluta litla aukningu á rekstargjöldum milli ára.

Laun hækkuðu um 203 m.kr. miðað við fyrra ár og um 97 m.kr. miðað við áætlun. Helsta skýring hér er sem fyrr segir lífeyrisskuldbinding vegna eldri starfsmanna 95 m.kr. og 3 stöðugildi sem bætast við.

Stjórnunarkostnaður hækkar um 121 m.kr. á milli ára og hér eru helstu ástæður vinna við nýjan ytri vef, endurnýjun á öryggismyndavélum og netbúnaði, ráðgjöf vegna skjölunar og önnur aðkeypt þjónusta.

Helstu viðhaldsverkefni á árinu voru eftirfarandi (m.kr.):

Rekstur á farþegaaðstöðu á Skarfabakka 84,4 m.kr.

Rekstur við farþegaaðstöðuna á Skarfabakka er nokkuð fjárfrek, bæði við að koma tjöldum og búnaði upp og frágangur fyrir veturinn. Þar sem er um bráðabirgðaaðstöðu að ræða, skapast einnig kostnaður við tímabundnar merkingar og öryggisráðstafanir sem þarf til að tryggja farþega og umferð á svæðinu vegna byggingaframkvæmda.

Endurbætur á aðstöðu hafnarþjónustu Hafnarhúsi 30,1 m.kr.

Endurbótum á aðstöðu hafnarþjónustu í höfuðstöðvum var lokið á árinu en hún var komin til ára sinna því nauðsynlegt að gera breytingar á húsnæðinu til að betrumbæta vinnuaðstöðu starfsfólks en auk þess að fjárfest var í nýjum húsgögnum fyrir aðstöðuna

Gatna- og hafnarlýsing 25,1 m.kr.

Áframhald var á viðhaldsvinnu á Bakkaskemmu en verkefnið var töluvert stærra en gert var ráð fyrir í upphafi. Búið er að endurnýja allt þakið og þakkantinn.

Viðgerð á Tangabakka 23,1 m.kr.

Áframhald var á vinnu við lagfæringar á Tangabakka en hækka þarf kantinn þar sem hann er ekki nægilega hár og sjór flæðir yfir bryggjuna og geymslsvæðin

Grjótlager 22,4 m.kr.

Stærðarflokkun og umröðun á grjóti sem hefur verið haugsett á Sundahöfn og verður nýtt seinna.


Viðhald á húseignum 47,3 m.kr.

Almennt viðhald á húseignum, mest vinna er tengd þjónustumiðstöðvum félagsins og húseignum í útleigu.

Hreinsun á svæðum 109 m.kr.

Töluverður kostnaður fer í að halda hafnarsvæðum og götum hafnarinnar hreinum frá snjó og hálku yfir vetrartímann svo og hreinsun, sópun og garðsláttur yfir sumartímann.

Gjöld sem hlutfall af tekjum



Launakostnaður

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]			Breyting milli ára	Breyting í % milli ára
Laun og tengd gjöld.	2025	2024		
Hafnarþjónusta	671	752	-81	-10,8%
Hafnarinnviðir	609	512	97	18,9%
Siglingavernd	99	99	1	0,7%
Eigna- og bróunarsvið	82	73	9	12,0%
Stjórnun og framkvæmdasvið	656	478	178	37,2%
Laun samtals	2.117	1.914	203	10,6%

Heildarlaunakostnaður hækkaði úr 1.914 m.kr. í 2.117 m.kr. eða samtals 203 m.kr. milli ára eða 10,6%.

Á árinu fjölgaði um 3 stöðugildi og gjaldfærðar voru lífeyrisskuldbindingar vegna eldri starfsmanna.

Farið var tímanlega í ráðningar vegna komu farþegaskipa til að vera vel undirbúin undir álag sumarsins. Að auki halda Faxaflóahafnir úti sólarhringsvöktum í hafnarþjónustu og hafnargæslu á Grundartanga. Launakostnaður er einn meginútgjaldaliður félagsins.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Tekjur af fjármagnsliðum námu 228 m.kr. Hagnaður fyrir fjármunaliði er 1.366 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunaliða og gjaldfærslu óreglulegra liða 89 m.kr. nemur rekstrarafgangur ársins m.kr. 1.594 og er þar innifalin sala bifreiða, úthlutun á lóð á Grundartanga og gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga upp á 95. m.kr.

Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2025	31.12.2024	Breyting ársins	%
Fastafjármunir	17.838	15.117	2.721	15,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	257	427	-170	-66,0%
Handbært fé	2.833	4.821	-1.988	-70,2%
Eignir samtals	20.928	20.365	564	2,7%
Eigið fé	20.116	19.691	425	2,1%
Langtímaskuldir	0	0	0	
Næsta árs afborganir langt. skulda	0	0	0	
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	812	674	138	17,0%
Skuldir samtals	812	674	138	17,0%
Skuldir og eigið fé samtals	20.928	20.365	564	2,7%

Efnahagur félagsins er sterkur og námu heildareignir félagsins 20.928 m.kr. í árslok og hækkuðu þær um 2,7% á árinu.


Fastafjármunir hækka um 2.721 m.kr. eða 15,3% á árinu og veltufjármunir án handbærs fjár lækka um 66% eða 170 m.kr. Sjóðsstaða félagsins lækkaði um 1.988 m.kr. en er áfram sterk eða 2.833 m.kr.

Eigið fé hækkar um 425 m.kr. eða 2,1% milli ára og er félagið ekki með neinar langtímaskuldir. Skammtímaskuldir í árslok

eru 138 m.kr. hærri en árið áður og hækka 17%.

Sjóðstreymi 31.12.2025 (m.kr.)

Sjóðsstaða félagsins er sterk og nam veltufé frá rekstri 2.623 m.kr.



Breyting var til hækkunar á handbæru fé frá rekstri um 296 m.kr. vegna rekstartengdra eigna og skulda. Fjárfestingar nettó voru 3.750 m.kr. frá áramótum en þar af námu nýfjárfestingar 3.767 m.kr. og með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádrögnum seldum rekstrarfjármunum. Handbært fé lækkaði um 1.988 m.kr. frá ársbyrjun og var í lok árs 2.833 m.kr.

Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfestingar og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum [m.kr.]	Raun 12 2025	2025_Á	Raun 2024 12
Gamla höfnin	286	235	219
Sundahöfn	2.262	2.905	1.016
Grundartangi	590	325	40
Akranes	591	510	202
Borgarnes	0	5	0
Annað	38	395	306
Fjárfestingar samtals	3.767	4.375	1.783

Fjárfestingar árið 2025 hafa verið töluvert meiri en árið 2024. Langstærsta fjárfesting ársins er bygging farþegamiðstöðvar á Skarfabakka, eða um 2.131 m.kr. Lenging aðalhafnargarðs á Akranesi hélt áfram og nam sú fjárfesting 567 m.kr. Fjárfesting á Grundartanga jókst töluvert og nam 590 m.kr. Þar af voru 494 m.kr. vegna hækkunar baksvæðis á Tangabakka og Nýjar kerbrota- og flæðigryfjur námu 127 m.kr. Farið var í töluverða fjárfestingu á árinu á Ægisgarði og nam sú fjárfesting 107 m.kr. Unnið var að endurnýjun lýsingar á nokkrum stöðum, samtals 107 m.kr. Ekki varð af dýpkun í Sundahöfn á árinu

eins og til stóð, en ekki hafa fengist tilskilin leyfi vegna mengunar í jarðvegi. Verið er að vinna með stofnuninni að lausn og vonandi verður byrjað á því verki árið 2026.

Helstu fjárfestingaverkefni á árinu 2025 voru eftirfarandi (í m.kr.):

Farþegamiðstöð á Skarfabakka 2.131 m.kr.

Framkvæmdir við nýja farþegamiðstöð á Skarfabakka héldu áfram á árinu og ganga þær vel. Stefnt er að verklokum vorið 2026.

Lenging aðalhafnargarðar á Akranesi 567 m.kr.

Framkvæmdir við Aðalhafnargarð á Akranesi héldu áfram. Unnið var við lagnavinnu, yfirborðsfrágang, steiptan stoðvegg og jarðvinnu

Hækkun baksvæðis Tangabakka 494 m.kr.

Undirbúningur hófst á frágangi á nýju farmsvæði á baksvæði Tangabakka á Grundartanga. Verkefninu lauk í lok sumars.

Nýjar kerbrota- og flæðigryfjur 127 m.kr.

Áframhald var á vinnu við nýjar kerbrota- og flæðigryfjur á Grundartanga en þeim er ætlað að taka við úrgangi frá stóriðju á svæðinu.

Endurnýjun lýsingar 107 m.kr.

Unnið var að endurnýjun lýsingar á nokkrum stöðum, meðal annars á Ægisgarði (12 m.kr.), Akranesi (22 m.kr.), Skarfabakka (32 m.kr.) og Tangabakka (46 m.kr.) Fleiri svæði eru á áætlun á árinu í þessu verkefni.

Ægisgarður – viðhald 107 m.kr.

Eystri hluti Ægisgarðs er timburbyggja komin til ára sinna. Allt burðarvirki bryggjunnar var yfirfarið og meginhluti innri stauranna endurnýjaður.

Sjálfsafgreiðsla rafmagn og vatn 29 m.kr.

Sjálfsafgreiðsla rafmagns í Vesturbugt, Norðurbugt og Suðurbugt í gömlu höfninni.

Eftirfarandi tafla dregur saman helstu **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir árin 2021-2025:

Faxaflóahafnir	2021	2022	2023	2024	2025
Eiginfjárlutfall	96,6%	96,8%	97,0%	96,7%	96,1%
Arðsemi eigin fjár	5,7%	8,3%	8,4%	9,1%	8,1%
Veltufjárlutfall	4,26	8,38	7,90	7,79	3,81
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	39,2%	41,5%	37,0%	38,7%	37,5%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	39,9%	40,0%	32,2%	34,7%	34,4%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Kennitölur félagsins endurspeglar styrk félagsins. Eiginfjárlutfallið er mjög sterkt og hefur félagið getu til að standa af sér móttbyr.
- Veltufjárlutfallið er mjög sterkt 3,8 en miðað er við að það hlutfall fari ekki undir 1.
- Engin langtímalán eru á félaginu.
- Vegna uppgjors reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir 75% hlut borgarinnar í rekstri Faxaflóahafna:

Hlutur Reykjavíkur í rekstri Faxaflóahafna sf. (m.kr.)	Raun 2025	Raun 2024	Breyting	%
Rekstrartekjur	5.282	4.888	394	8,1%
Rekstrargjöld	-3.466	-3.204	-262	8,2%
EBITDA	1.816	1.683	133	7,9%
Afskriftir ársins	-784	-679	-105	15,5%
EBIT	1.033	1.005	28	2,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	172	218	-45	-20,8%
Rekstrarniðurstaða	1.205	1.223	-18	-1,4%

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Mikilvægt er að halda áfram rýningu á fjármagnsskipan Faxaflóahafna með hliðsjón af kröfum eigenda um arðsemi og arðgreiðslustefnu.

Félagsbústaðir

Árs- og árshlutauppgjör Félagsbústaða eru gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (m.kr.)	2025	Raun 2024	Breyting	%
Rekstrartekjur	7.437	7.078	359	5,1%
Rekstrargjöld	-4.256	-4.104	-152	3,7%
Framlegð (EBITDA)	3.182	2.974	207	7,0%
Matsbreyting fjárfestingaeigna	8.246	2.592	5.654	218,1%
Afskrift eigna til eigin nota	-16	-17	1	-3,3%
Hrein fjármagnsgjöld	-3.749	-4.272	523	-12,2%
Rekstrarniðurstaða	7.662	1.277	6.384	499,8%

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Rekstur

Rekstrartekjur Félagsbústaða á árinu 2025 námu 7.437 m.kr. og jukust um 5,1% milli ára en hækkunina má rekja til verðlagsbreytinga, betra nýtingarhlutfall eigna ásamt fjölgunar eigna milli ára. Vísitala neysliverðs til verðtryggingar hækkaði um 3,7% á árinu 2025.


Rekstrargjöld voru 4.256 m.kr. eða 152 m.kr. (3,7%) hærri en árið áður. **Rekstur fasteigna** var 54 m.kr. (7,7%) hærri en árið áður, **Viðhald og framkvæmdir** stóðu í stað frá fyrra ári og **Fasteigna og brunabótaiðgjöld** voru 58 m.kr. (7%) hærri en árið áður. Framkvæmdagjöld húsfélaga aukast um 84 m.kr. frá fyrra ári en það skýrist að hluta til af gjaldfærðum hluta í stóru verkefni við Höfðabakka 1 en heildarkostnaður Félagsbústaða við það verkefni nam 116 m.kr. á árinu. Aðrar stórar breytingar milli ára liggja annars vegar í að flokkurinn „Annað“ lækkar um 38 m.kr. og Viðhald sameigna lækkar um 53 m.kr. en sá liður varð lægri en áætlun hafði gert ráð fyrir sökum tafa í stórum verkefnum. Standsetningar milli leigjendaskipta og viðhald íbúða í búsetu breytast lítillega milli ára.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var 758 m.kr. á árinu eða 41 m.kr. hærri en á árinu 2024. **Launakostnaður** hækkaði um 3,2% milli ára vegna launahækkana. **Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** var 15 m.kr. hærri en á árinu 2024. Framlag í **afskriftarreikning viðskiptakrafna** var 63 m.kr. eða 9 m.kr. lægri en á árinu 2024. Afskriftir viðskiptakrafna eru nokkuð sveiflukenndar en hafa verið tæplega 1% tekna undanfarin ár.

Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.)	2025	Raun 2024	Breyting	%
Rekstur og viðhald eignasafns				
Rekstur fasteigna	758	704	54	7,7%
Viðhald og framkvæmdir	1.849	1.850	-1	-0,1%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	890	832	58	7,0%
Rekstur og viðhald eignasafns alls	3.497	3.386	112	3,3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður				
Laun og launatengd gjöld	509	494	16	3,2%
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður	186	170	15	9,1%
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	63	54	9	17,5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	758	718	41	5,6%
Rekstrargjöld alls:	4.256	4.104	152	3,7%

Viðhald og framkvæmdir (í m.kr.)	2025	Raun 2024	Breyting	%
Standsetningar milli leigjenda	500	507	-7	-1,3%
Viðhald íbúða í búsetu (ófyrriséd viðhald)	369	357	12	3,5%
Viðhald sameigna	447	500	-53	-10,6%
Framkvæmdagjöld húsfélaga	455	371	84	22,7%
Annað	78	116	-38	-32,8%
Viðhald og framkvæmdir alls:	1.849	1.850	-1	-0,1%

Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBITDA%) er 42,8% eða 0,8%-stigi hærra en á árinu 2024.



Efnahagur og eignasafn


Efnahagur (m.kr.)	31.12.2025	31.12.2024	Breyting	%
Fastafjármunir	174.383	161.497	12.886	8,0%
Veltufjármunir án handb.fjár	994	1.151	-158	-13,7%
Handbært fé	451	46	405	877,0%
Eignir samtals	175.827	162.695	13.133	8,1%
Eigið fé	94.088	86.427	7.662	8,9%
Skuldbindingar	12.957	11.532	1.425	12,4%
Langtímaskuldir	65.544	62.120	3.424	5,5%
Næsta árs afborganir langt. skulda	1.724	1.655	69	4,2%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.514	961	553	57,6%
Skuldir og skuldbindingar samtals	81.739	76.268	5.471	7,2%
Skuldir og eigið fé samtals	175.827	162.695	13.133	8,1%

Heildareignir félagsins námu 175.827 m.kr. í árslok 2025 og jukust um 8,1% frá upphafi árs. Fjárfestingaeignir jukust um 8% eða 12.886 m.kr., fjárfest var fyrir 4.073 m.kr., leigueignir jukust um 16 m.kr. og matsbreyting nam 8.800 m.kr. Við útreikning á verðmæti fjárfestingareigna er reiknuð út niðurfærsluþörf eigna vegna samspils kvaða sem á eignunum hvíla um uppsagnarfrest á bæði tímabundnum og ótímabundnum leigusamningum og svo mismunar á markaðsleigu og þeirrar leigu sem Félagsbústaðir innheimta auk þess sem einnig er tekið tillit til sérhæfðra eigna sem mögulega þyrfti að breyta eða gefa afslátt af ef kæmi til sölu á almennum markaði. Niðurfærslan var metin 3.885 m.kr. við lok árs.

Eigið fé hækkaði um tæplega 7.662 m.kr. frá ársbyrjun 2025 sem skýrist af matsbreytingu fjárfestingareigna á árinu. Eiginfjárlutfall í lok árs er 53,5% en var 53,1% í lok árs 2024.


Félagsbústaðir festu kaup á 56 nýjum íbúðum á árinu 2025, 6 eignir voru seldar á árinu.

Leiguhúsnæði, 3.177 íbúðir skipting:




- Almennt félagslegt leiguhúsnæði
- Íbúðir fyrir fatlaða
- Íbúðir fyrir aldraða
- Húsnæði fyrir heimilislausa
- Húsnæði utan kjarnastarfsemi

Sjóðstreymi



Fjárfestingargjöld félagsins á árinu 2025 voru 2.805 m.kr. og þau voru fjármögnuð með handbæru fé, lántöku hjá HMS, 3.140 m.kr., og stofnframlögum frá ríki og Reykjavíkurborg, 659 m.kr.


Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:



Veltufé frá rekstri¹ sem hlutfall af afborgunum er 1,06 fyrir árið 2025 samanborið við 1,03 fyrir árið áður. Að undanskildu árinu 2023 hefur hlutfallið haldist stöðugt yfir einum frá árinu 2020. Þegar hlutfallið er yfir 1 þýðir það að veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum langtímalána félagsins. Æskilegt er að þetta hlutfall sé ávallt yfir 1,0.

Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Fjárfestingar Félagsbústaða eru fjármagnaðar með lántöku og stofnframlögum. Félagið tók lán hjá HMS, 3.140 m.kr. á árinu 2025. Lánin eru til 50 ára og vegnir meðalvextir þeirra voru 4,04% verðtryggða vexti, ýmist fastir 5 eða 10 ára.



¹ Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafélögin. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða árin 2021-2025 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2021	2022	2023	2024	2025	Markmið
Eiginfjárlutfall	53,2%	56,1%	53,7%	53,1%	53,5%	
Veltufjárlutfall	1,23	0,18	0,46	0,46	0,45	
Vaxtaþekja, EBITDA/netto vextir	2,11	2,18	1,80	2,23	2,23	1,4
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)	1,01	1,01	0,86	1,01	1,03	0,9
Uppgreiðslutími	43	42	58	39	38	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af greiddum afborg.	1,02	1,01	0,74	1,03	1,06	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	23,6%	23,0%	16,5%	23,4%	23,6%	

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Jákvæða rekstrarniðurstöðu félagsins á árinu 2025 og hækkun eigin fjár má rekja til matsbreytingar fjárfestingareigna. Matsbreyting fjárfestingareigna á árinu nam 8.246 m.kr. samanborið við 2.592 m.kr. árið 2024 og 4.741 m.kr. árið 2023.
- Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat 2025 á íbúðum félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2025 og hins vegar er miðað við 0,64% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til loka árs 2025. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgir þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafnsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBITDA) sem hækkaði um 7,0% á milli ára, en tekjur hækkuð um 5,1% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 3,7%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Veltufé frá rekstri nam 1.756 m.kr. á árinu 2025 og er hærra en afborganir langtímalána sem námu 1.663 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 3,5% milli ára vegna verðbólgu og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja stendur í stað milli ára en skuldaþekja hækkaði í 1,03 árið 2025 (2,23 og 1,01 í lok árs 2024). Vaxtaþekja er yfir lágmarki 1,4 og skuldaþekja er sömuleiðis yfir lágmarki sem er 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Félagið tók lán hjá HMS undir lok árs að andvirði 3.140 m.kr. Lánin eru til 50 ára og vegnir meðalvextir þeirra námu 4,04%, ýmist fastir til 5 eða 10 ára. Greiðslu vegna stofnframlaga frá ríki og borg á árinu námu samtals 659 m.kr. Útistandandi krafa vegna ógreiddra stofnframlaga frá ríki og Reykjavíkurborg stóð í 438 m.kr. í lok árs 2025.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Mikilvægt er að rekstur Félagsbústaða skili sterku veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna eykur þrýsting á hækkun leigu.
- Mikilvægt er að fjárfestingarstefna Félagsbústaða miðist við að hver ný íbúð í safni félagsins skili jákvæðu sjóðstreymi.
- Mikilvægt er að Félagsbústaðir setji fram tímasetta framkvæmdaáætlun um innri umbætur til að tryggja sjálfbærni í rekstri félagsins, með skýrri ábyrgð og árangursmælingum.
- Mikilvægt er að langtímaáætlanir Félagsbústaða grundvallist á markmiðum um sjálfbærni í rekstri óháð ytri forsendum, svo sem takmörkuðu aðgengi að íbúðum á hagstæðu verði.


Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur (m.kr.)	Raun 2025	Raun 2024	Breyting	%
Rekstrartekjur	68.444	66.782	1.662	2,5%
Rekstrargjöld	-28.185	-27.720	-465	1,7%
EBITDA	40.259	39.062	1.197	3,1%
Afskriftir	-17.485	-16.830	-654	3,9%
EBIT	22.774	22.232	542	2,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-9.174	-12.237	3.063	-25,0%
Tekjuskattur	-2.083	-689	-1.394	202,2%
Afkoma	11.519	9.309	2.210	23,7%

Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 11.519 m.kr. sem er hækkun um 2.210 m.kr. á milli ára. Meginskýring á hækkun afkomu er vegna hækkunar á tekjum um 1.662 m.kr. á milli ára og vegna lækkunar fjármagnsgjalda um 3.063 m.kr.

Rekstrarafkoma (EBITDA) hækkar um 1.197 m.kr. (3,1%) á milli ára.

Afkoma í m.kr. og framlegð (EBITDA) í hlutfalli rekstrartekjum




Rekstrartekjur hækkuðu um 1.662 m.kr. eða 2,5% milli ára. Hækkun tekna skýrist helst af auknum tekjum af rafmagni, tekjum af köldu vatni og fráveitu en einnig hafa tekjur vegna innkomu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans áhrif til hækkunar m.v. fyrra ár. Tekjur af heitu vatni lækka um 2,4% milli ára.

Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr)	2025	2024	Mism.	%
Veitur	44.337	42.671	1.666	3,9%
Orkusala og framleiðsla	17.663	17.908	-244	-1,4%
Önnur starfsemi	6.443	6.203	240	3,9%
	68.444	66.782	1.662	2,5%


Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Veitur, orkusölu og framleiðslu og aðra starfsemi. Framleiðsla og sala raforku sem og starfsemi Ljósleiðarans falla undir samkeppnisrekstur og nema tekjur af honum 34,8% af heildartekjum Orkuveitunnar.

í m.kr.



Rekstrargjöld án afskrifta hækka um 466 m.kr. milli ára eða 1,7%. Orkukaup og flutningur lækka um 743 m.kr. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 368 m.kr. sem skýrist meðal annars af kjarasamningshækkunum og innvistun. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 840 m.kr. sem skýrist af viðhaldskostnaði mannvirkja, innkomu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans sem og verðlagstengdum hækkunum.

Rekstrargjöld (í mkr)	2025	2024	Mism.	%
Orkukaup og flutningar	6.449	7.191	-743	-10,3%
Laun og launatengd gjöld	11.093	10.724	368	3,4%
Annar rekstrarkostnaður	10.644	9.804	840	8,6%
	28.185	27.720	466	1,7%



Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld lækka um 3.063 m.kr. samanborið við fyrra ár, þar af er breyting á gangvirðisbreytingum um 3.296 til lækkunar, áfallnar verðbætur lækka um 461 m.kr. milli ára og nema 5,0 ma.kr. árið 2025 en vaxtagjöld og greiddar verðbætur hækka um 347 m.kr. milli ára. Vaxtatekjur hækka um 257 m.kr. á árinu 2025. Ábyrgðagjald til eigenda lækkaði um 77 m.kr. vegna lána sem eru enn í ábyrgð eigenda.

Gengismunur er jákvæður um 93 m.kr. árið 2025 samanborið við 813 m.kr. á árinu 2024, eða um 720 m.kr. breyting milli ára. Aðrar fjármagnstekjur eru neikvæðar um 133 m.kr. samanborið við 249 m.kr. árið á undan.

Gangvirðisbreytingar voru jákvæðar um 2.884 m.kr. á árinu en neikvæðar um 413 m.kr. á árinu 2024.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (m.kr.)	2025	2024	Mism.	%
Vaxtatekjur	1.313	1.056	257	24,3%
Vaxtagjöld og verðbætur	-13.331	-13.445	114	-0,8%
Gangvirðisbreytingar	2.884	-413	3.296	-798,7%
Gengismunur	93	813	-720	-88,6%
Annað	-133	-249	116	-46,6%
Samtals	-9.174	-12.237	3.063	-25,0%

Efnahagur

Heildareignir félagsins voru 538 ma.kr. í árslok og hækkuðu um 28 ma.kr. á árinu. Fjárfest var fyrir 33,2 ma.kr. í rekstrarfjármunum en á móti námu afskriftir 17,5 ma.kr. Leigugeignir námu 2,4 ma.kr. í lok árs 2025, á móti er færð leiguskuld, samtals 2,4 ma.kr.

Veltufjármunir námu samtals 38,5 ma.kr. og lækka um 0,6 ma.kr. frá áramótum. Veltufjármunir að frádregnu handbæru fé hækka um 1,3 ma.kr. Eignarhlutur í Landsneti er talinn meðal fastafjármuna, matsverð eignarhlutarins er 6,2 ma.kr. Handbært fé og markaðsverðbréf lækkuðu um 1.8 ma.kr. á árinu.

Efnahagur (m.kr.)	31/12/2025	31/12/2024	Breyting	%
Fastafjármunir	499.408	470.877	28.530	6,1%
Veltufjármunir án handb.fjár	12.307	11.043	1.264	11,4%
Handbært fé, b. innlán og markaðsv.br.	26.192	28.032	-1.840	-6,6%
Eignir samtals	537.907	509.953	27.954	5,5%
Eigið fé	282.267	265.732	16.535	6,2%
Langtímaskuldir	221.732	212.683	9.049	4,3%
Næsta árs afborganir skt. skulda	20.949	19.959	990	5,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	12.958	11.578	1.379	11,9%
Skuldir samtals	255.639	244.221	11.419	4,7%
Skuldir og eigið fé samtals	537.907	509.953	27.954	5,5%

Heildarskuldir félagsins voru 256 ma.kr. í árslok og hækkuðu um 11,4 ma.kr., þar af hækka langtímaskuldir um 9 ma.kr. Heildarafborganir lána námu 21,7 ma.kr., lántökur 27,8 ma.kr. og áfallnar verðbætur ársins og gengismunur námu 1,3 ma.kr. Nettóskuldir voru 186,6 ma.kr. í árslok, þegar handbært fé, bundin innlán, og markaðsverbréf eru dregin frá vaxtaberandi skuldum. Þýðingarmunur vegna félaga í samstæðunni með starfrækslugjaldmiðil í erlendri mynt og færirst á eigið fé nam 6,8 ma.kr. til lækkunar.

	31.12.25
Vaxtaberandi skuldir í ársbyrjun	204.557
Hreyfingar með greiðsluáhrif	
Ný lántaka	27.980
Afborganir	-21.703
Hreyfingar án greiðsluáhrifa	
Verðbætur og gengismunur	1.260
Vaxtaberandi skuldir	212.094

Langtímaskuldir (í m.kr.)	2025	2024	Mism.	%
Langtímaskuldir í innlendra mynt	162.615	148.180	14.435	9,7%
Langtímaskuldir í erlendri mynt	49.479	56.377	-6.898	-12,2%
	212.094	204.557	7.537	3,7%


Sjóðstreymisýfirlit

Sjóðsstreymisýfirlit gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu.

Veltufé frá rekstri á árinu nam 30,5 ma.kr. samanborið við 29,1 ma.kr. á síðasta ári. Veltufé án vaxta og skatta eykst um 1,2 ma.kr. á milli ára.

Myndin hér fyrir neðan sýnir breytingu á handbæru fé þar sem gráar súlur sýna fjárstreymi inn í sjóð og gular súlur sýna fjárstreymi úr sjóði. Dökka súlan lengst til vinstri sýnir handbært fé í upphafi árs 2025 og sú sem er lengst til hægri í lok árs 2025.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf í árslok voru 15,4 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í árslok í grafinu hér að neðan.



Eignabreytingar

Fjárfesting **Veitna** nam 17,4 ma.kr. árið 2025.

- Hjá hitaveitunni voru helstu fjárfestingar í áframhaldandi innleiðingu snjallmæla, stálviðgerðir og tæringarvarnir geyma í grafarholti, endurnýjun djúpdæla í Reykjahlíð í Mosfellsbæ og endurnýjun Suðurlandsbrautaræðar.
- Í vatnsveitunni voru helstu fjárfestingar í endurnýjun raf- og stjórnbúnaðar í Heiðmörk, endurnýjun lýsingartækis Svelgsárhrauni, endurnýjun lýsingartækja á Akranesi og nýir mælar í dreifikerfi vatnsveitu á Álftanesi.
- Hjá fráveitunni voru helstu fjárfestingar í skipulagsbreytingu á Sigtúni, uppbyggingu Flóahverfi sem er iðnaðarsvæði á Akranesi, endurnýjun á lögnum Rauðalæk og endurnýjun Snæfellsvegar.
- Í rafmagnsdreifingu voru helstu fjárfestingar í endurnýjun háspennustrengja, jarðstrengslögnum v/ nýrrar aðveitustöðvar A13, endurnýjun strenglagnar milli A8 og A9 og rofabúnaðar ásamt endurnýjunar og breytinga á rafbúnaði í dreifistöðvum.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 7,6 ma.kr.

- Helstu verkefni Orku náttúrunnar eru framkvæmdir við stækkun varmastöðvar í Hellsheiðarvirkjun um 600 sekúndulíttra (60% aukning á framleiðslugetu), stjórnkerfisuppfærsla og viðgerð á vél 3 og 4 á Nesjavöllum og áframhaldandi vinna við uppbyggingu á niðurdælingarveitu við Lakahnúka.
- Borun á tveimur holum á Nesjavöllum lauk á árinu, vinnsluholur NJ-34 og NJ-37. Einnig er vinna og undirbúningur fyrir borun sjö annarra vinnsluholna hafinn: tvær holur á Nesjavöllum, ein á Hellsheiði og fjórar í Hverahlíð.

Önnur fjárfesting nam 8,2 ma.kr.

- Helstu fjárfestingar eru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis hjá Ljósleiðaranum, uppbygging Carbfix og endurbuygging á höfuðstöðvum Orkuveitunnar við Bæjarhás.

Lánshæfismat og fjármögnun

Orkuveitan er með lánshæfismat í fjárfestingarflokki hjá matsfyrirtækinu Moody's.

Moody's	
Langtímaeinkunn	Baa3
Horfur	Stöðugar
Útgáfudagur	September 2021
Lánshæfi uppfært	Ágúst 2025

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Orkuveitunnar árin 2021- 2025:

Orkuveita Reykjavíkur	2021	2022	2023	2024	2025	Arðgreiðsluskilyrði
Eiginfjárlutfall	51,6%	54,6%	53,8%	52,1%	52,5%	≥ 40%
Arðsemi eigin fjár	6,0%	3,6%	2,5%	3,6%	4,2%	
Veltufjárlutfall	1,3	1,2	1,2	1,2	1,1	≥ 1
Vaxtaþekja	6,8	6,2	4,9	4,7	4,8	≥ 3,5
ROCE	5,1%	4,5%	4,2%	4,5%	4,3%	
Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri	5,5	6,5	5,9	6,0	5,9	
Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir	18,2%	15,5%	16,9%	18,0%	16,8%	≥ 13%
RCF/nettó skuldir	15,3%	14,5%	13,5%	13,4%	13,4%	≥ 13%

Þróun lykilstærða (m.kr.)	2021	2022	2023	2024	2025
Rekstrartekjur	51.890	55.644	61.169	66.782	68.444
Rekstrargjöld	18.380	21.220	25.469	27.720	28.125
EBITDA	33.510	34.424	35.701	39.062	40.319
Afkoma ársins	12.040	8.310	6.400	9.310	11.519

Fyrirtækið er eins og áður háð þróun ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til styrkari stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.


Heildarfjármögnun Orkuveitu samstæðu á árinu nemur 27.056 m.kr. Skuldabréfaútgáfa Orkuveitunnar á innlendum markaði var alls 17.543 m.kr. Útgáfa verðtryggðum flokki OR180255 GB nam 3.447 m.kr., verðtryggðum flokki OR280845 GB nam 4.380 m.kr. og óverðtryggðum flokki OR031033 GB nam 5.193 m.kr. og óverðtryggðum flokki OR180242 GB nam 4.523 m.kr. Fjármögnun Orkuveitunnar frá CEB nam 37.5 m.EUR eða 5.513 m.kr. á árinu. Ljósleiðarinn tók grænt verðtryggt lán frá Nordic Investment Bank (NIB) að fjárhæð 4.000 m.kr.

Meðalverð á álverði á árinu er 2.639 USD/tonn samanborið við 2.475 USD/tonn á árinu 2024. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna rafkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra. Tekjufærsla vegna breytinga á virði innbyggðra afleiðna rafkusölusamninga nam 3.028 m.kr. á árið 2025. Innlaun áhættuvarna meðal rekstrartekna var neikvæð og nam 166 m.kr. Óinnleystar gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga var neikvæð og nam alls 1.131 m.kr. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerna eru gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Áhættustýring


Hækkun vaxta getur falið í sér áhættu í rekstri og efnahag Orkuveitunnar. Orkuveitan hefur fest vexti með nýrri lántöku á föstum vöxtum og með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti m.v. stöðu 31. desember 2025.

Varnarhlutfall vaxta



Áhættuvarnarsamningar eru gerðir til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækkun álverðs og draga úr tekjusveiflum á milli ára. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá varnarhlutföll álverðstengdra tekna þann 31. desember 2025.

Álvarnarhlutföll



Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborgana lána í erlendri mynt.

Erlend mynt (m.kr)	Raun 2025	Raun 2024	Mism.	%
Tekjur í erlendri mynt	9.009	10.234	-1.225	-12,0%
Kostnaður í erlendri mynt	2.735	2.675	60	2,3%
Afborganir í erlendri mynt	8.688	9.580	-892	-9,3%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar samanborið við árið 2024 um 1.197 m.kr. eða um 3,1%. Rekstrartekjur hækkuðu um 1.662 m.kr. eða 2,5% en rekstrargjöld hækkuðu um 465 m.kr. eða 1,7%. Hækkun tekna skýrist helst af auknum tekjum af rafmagni, köldu vatni, fráveitu og innkomu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans en tekjur vegna sölu á heitu vatni lækkuðu.
- Rekstrarniðurstaðan var jákvæð um 11.519 m.kr. á árinu sem er hækkun um 2.210 m.kr. milli ára. Meginskýring á hækkun afkomu er vegna jákvæðra gangvirðisbreytinga í fjármagnslið og hækkunar á tekjum.
- Eignir OR lækkuðu um 28 ma.kr. frá ársbyrjun eða um 5,5%. Vaxtaberandi skuldir hækkuðu úr 205 ma.kr. í 212 ma.kr. eða um 3,7%. Eiginfjárlutfall OR hækkaði á árinu í 52,5% úr 52,1% í ársbyrjun.
- Handbært fé frá rekstri nam 31,4 ma.kr. og hækkar um 1,7 ma.kr. milli ára. Sterk staða handbærs fjár frá rekstri gerir OR kleift að standa undir háum afborgunum.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 30,9 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 28,9 ma.kr. og hefur lækkað um 9,8 ma.kr. frá ársbyrjun 2025.
- Kennitölur fyrirtækisins eru yfir markmiðum arðgreiðsluskilyrða. Gjaldeyrísáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power. Árið 2025 voru tekjur í erlendri mynt 9 ma.kr. á meðan kostnaður og afborganir í erlendri mynt

námu 11,4 ma.kr. Tekjur í erlendri mynt lækka um 1,2 ma.kr. milli ára en afborganir í erlendri mynt dragast saman um 892 m.kr. milli ára.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Framlegð Orkuveitu Reykjavíkur (EBITDA / rekstrartekjur) er 58,8% á árinu 2025 en var 58,5% árið 2024. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs. Að sama skapi er mikilvægt að félagið hafi á hverjum tíma getu til að greiða eigendum sínum eðlilegan arð af því fé sem bundið er í félaginu.
- Mikilvægt er að setja fram skýra forgangsröðun fjárfestinga og arðsemissviðmið ásamt viðmiðum um hvað megi endurmeta ef sjóðtreymi, vextir eða markaðsaðstæður þróast til verri vegar.


Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2025_12	Áætlun 2025_12	Frávik	%	Raun 2024_12	Breyting	%
Rekstrartekjur	5.669	5.672	-3	0%	5.291	379	7%
Rekstrargjöld	-5.503	-5.654	151	-3%	-5.112	-391	8%
EBITDA	352	238	114	48%	332	20	6%
EBIT	166	18	148	825%	179	-13	-7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	45	-13	58	n/a	57	-12	n/a
Rekstrarniðurstaða	212	5	207	4133%	236	-24	-10%

Rekstrarniðurstaða: Rekstrarafgangur ársins nam 212 m.kr. en var um 236 m.kr. 2024.

Rekstrartekjur: Heildartekjur hækka um 379 m.kr. (7%) á milli ára sem er í takt við áætlun ársins.

Tekjur af sjúkraflutningum eru um 86 m.kr. lægri en áætlað var, sem kemur til vegna færri flutninga en ráð var fyrir gert. Aðrar sértekjur og óreglulegir tekjuliðir eru samtals um 83 m.kr. hærra en áætlað var sem kemur að stærstum hluta til vegna tekna af verkefnum í tengslum við jarðhræringar á Reykjanesi í upphafi árs.



Tekjur (m.kr.)	Raun 2025_12	Áætlun 2025_12	Frávik	%	Raun 2024_12	Breyting	%
Framlag eigenda til rekstrar	2.815	2.815	0	0%	2.519	297	12%
Framlag eigenda í fjárfestingasjóð	117	117	0	0%	110	7	6%
Framlag eigenda til almannavarnanefndar	44	44	0	0%	24	20	86%
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga	2.343	2.429	-86	-4%	2.227	116	5%
Aðrar sértekjur og óreglulegir tekjuliðir	205	137	68	49%	273	-68	-25%
Húsaleigutekjur	146	130	16	12%	138	7	5%
	5.669	5.672	-3	0%	5.291	379	7%

Rekstrargjöld:

Gjöld (m.kr.)	Raun 2025_12	Áætlun 2025_12	Frávik	%	Raun 2024_12	Breyting	%
Launakostnaður	4.518	4.704	-186	-4%	4.192	327	8%
Annar rekstrarkostnaður	799	730	69	9%	767	31	4%
Afskriftir	186	220	-34	-16%	153	33	22%
	5.503	5.654	-151	-3%	5.112	391	8%

Heildarrekkstrarkostnaður ársins hækkar um 391 m.kr. (8%) frá árinu 2024 en er um 151 m.kr. (3%) lægri en áætlað var.

Launakostnaður ársins er um 327 m.kr. (8%) hærra en 2024 en um 186 m.kr. (4%) lægri en áætlað var. Megin skýring á hækkan milli ára er kjarasamningsbundnar launahækkanir og samþykkt fjölgun stöðugilda í varðliðinu. Ástæða fyrir því að launakostnaður er lægri en áætlað var að fjölgun starfsmanna kom seinna inn en áætlað var og yfirvinnukostnaður var lægri en gert var ráð fyrir, sem að stórum hluta má rekja til færri stórra útkalla 2025 en undanfarin ár.


Annar rekstrarkostnaður er 31 m.kr. (4%) hærra en 2024 og um 69 m.kr. (9%) hærra en áætlað var. Megin skýring á frávikinu frá áætlun má rekja til 39 m.kr. gjaldfærslu á framkvæmdakostnaði vegna myglu- og rakaskemmda í húsnæði SHS á Tunguhálsi.

Efnahagur:

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2025	31.12.2024	Breyting	%
Fastafjármunir	3.191	2.770	421	15,2%
Veltufjármunir án handb.fjár	166	186	-20	-10,6%
Handbært fé	936	1.043	-107	-10,3%
Eignir samtals	4.293	4.000	294	7,3%
Eigið fé	3.158	2.946	212	7,2%
Langtímaskuldir	178	192	-14	-7,2%
Næsta árs afborganir langt. skulda	20	18	2	9,2%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	938	844	94	11,2%
Skuldir samtals	1.136	1.054	82	7,8%
Skuldir og eigið fé samtals	4.293	4.000	294	7,3%

Eiginfjárlutfall SHS í lok árs var um 73,5%, sem er sambærilegt við 2024. Eina langtímaskuld samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólbraut í Mosfellsbæ.


Starfshópur um framtíðaruppbyggingu SHS, sem skipaður var af stjórn SHS, skilaði tillögum sínum í lok árs 2023. Tillögurnar voru samþykktar af stjórn SHS. Tillögurnar ganga út á uppbyggingu í þrem áföngum sem ætlað er að bæta viðbragstíma varðliðsins á höfuðborgarsvæðinu. Tímalína framkvæmdanna var áætluð frá 2024 til 2031.



Fyrsti áfanginn er bygging nýrrar stöðvar við Tónahvarf í Kópavogi, sem yrði viðbót við þær sem fyrir eru. Annar áfangi felur m.a. í sér að starfsemin í Skógarhlíð myndi flytjast í nýja björgunarmiðstöð og samhliða því myndi verða fundin ný staðsetning fyrir útkallsstöðina í Skógarhlíð á BSÍ reitnum eða þar í nágrenni. Jafnframt er gert ráð fyrir að byggð verði ný útkallsstöð í björgunarmiðstöðinni eða í nágrenni hennar, sem myndi þá leysa stöðina á Tunguhálsi af hólmi. Þriðji og síðasti áfanginn gerir svo að lokum ráð fyrir að nýrri stöð verði bætt við í Hafnarfirði til að bæta viðbragðstíma á Völlunum og nágrenni.

Framkvæmdum miðað við tillögur starfshópsins hefur seinkað, þar sem byggingu nýrrar björgunarmiðstöðvar var frestað um óákveðinn tíma og afhendingu lóðar við Tónahvarf hefur seinkað. Engu að síður er áfram stefnt að því að framtíðaruppbygging SHS verði í takt við tillögur starfshópsins.

Sjóðstreymi:



Handbært fé í árslok er 963 m.kr.

Heildarfjárfestingar ársins voru samtals um 618 m.kr., þ.e. viðhald og endurbætur fasteigna SHS samtals um 426 m.kr. og fjárfesting í búnaði fyrir slökkviliðið samtals um 192 m.kr., má þar helst nefna endurnýjun á reykköfunartækjum og æfingaaðstöðunni í Hafnarfirði.




Á árinu var farið í viðtækar endurbætur á öllum starfstöðvum SHS, t.a.m. endurnýjun á þaki og loftræstingu í Hafnarfirði, nýtt dren og bílaplan í Mosfellsbæ til að koma í veg fyrir ítrekaðan leka í kjallara hússins og áframhaldandi viðhald og endurbætur á Skógarhlíðinni. Samhliða framangreindu var ákveðið að fara í löngu tímabærar endurbætur á stöðinni á Tunguhálsi.

Fjárhagsáætlun 2026 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 400 m.kr. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram með viðhald húsnæðis SHS og þar vegur þyngst áframhaldandi endurbætur á Tunguhálsi og kaupa á tveimur nýjum gámabílum sem boðnir voru út 2025, ásamt reglubundinni endurnýjun á búnaði fyrir slökkviliðið

Fjöldi útkalla:

Á árinu fækkaði útköll slökkviliðs eftir mikla fjölgun undanfarin ár og var fjöldi útkalla 1.353 en var 1.406 á árinu 2024.

Talsverðar sveiflur hafa verið á fjölda sjúkraflutninga undanfarið ár, síðustu tvö ár hefur þeim fækkað á milli ára eftir töluverða fjölgun á árunum þar á undan. Heildarboðanir sjúkrabíla var tæplega 39 þúsund á árinu 2025, sem er um 3% minna en árið á undan, en þá var heildarfjöldi boðana 40 þúsund. Heildarfjöldi útkalla sjúkrabíla sem verða að flutningi sjúklings voru um 31 eða rétt rúmlega 80%, sem er sambærilegt og árið á undan.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar árin 2021-2025:

SHS - samstæða	2021	2022	2023	2024	2025
Eiginfjárhlutfall	76,5%	76,6%	75,4%	73,7%	73,5%
Arðsemi eigin fjár	18,3%	4,0%	8,3%	8,7%	7,2%
Veltufjárhlutfall	1,65	1,88	1,85	1,43	1,15
Langtímaskuldir/eigið fé	8,3%	8,1%	7,4%	6,5%	5,6%
Uppgreiðslutími	0,4	0,9	0,6	0,5	0,5
Heildarskuldir/rekstrartekjum	18,0%	17,7%	18,4%	19,9%	20,0%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	12,3%	5,5%	7,5%	7,5%	7,1%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	12,4%	5,1%	6,2%	6,3%	6,2%


Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaðan var 24 m.kr. lægri en árið 2024. Helsta ástæðan er aukinn launakostnaður umfram tekjur.
- Rekstrargjöld voru 391 m.kr. hærrí en á árinu 2024 en rekstrargjöld voru 151 m.kr. innan áætlunar. Aukinn rekstrarkostnaður skýrist bæði af fjölgun starfsmanna í varðliðinu og kjarasamningsbundnum launahækkunum.
- Vegna uppgjörslögreglu um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SHS miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,296% árið 2025 en 56,577% árið 2024:

Hlutur Reykjavíkur í rekstri SHS bs (m.kr.)	Raun 2025	Raun 2024	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.192	3.209	-17	-1%
Rekstrargjöld	-3.098	-3.199	101	-3%
EBITDA	198	135	64	47%
EBIT	94	10	84	820%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	25	-7	33	-446%
Rekstrarniðurstaða	119	3	116	4112%

SORPA bs. (m.kr)	Raun 2025	Áætlun 2025	Breyting	%	Raun 2024	Breyting	%
Rekstrartekjur	8.313	8.248	65	0,8%	7.778	535	6,9%
Rekstrargjöld	-7.561	-7.364	-197	2,7%	-7.286	-275	3,8%
EBITDA	1.504	1.536	-32	-2,1%	1.149	355	30,9%
EBIT	752	885	-133	-15,0%	491	261	53,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-211	-279	68	-24,6%	-229	18	-7,9%
Rekstrarniðurstaða	541	606	-65	-10,8%	262	279	106,5%

Rekstrarniðurstaða: Hagnaður ársins er 541 m.kr. sem er 279 m.kr. hækkun frá árinu áður, en áætlanir gerðu ráð fyrir um 606 m.kr. í hagnað. Skýringin á frávikum frá áætlun og afkomu liggur fyrst og fremst í að þær hagræðingaraðgerðir sem ráðist var í á árinu komu aðeins seinna til framkvæmda en gert hafði verið ráð fyrir og dótturfélag SORPU (Metan ehf) skilaði tapi uppá 30 m.kr. en gert hafði verið ráð fyrir hagnaði þar. Klárað var að afskrifa forvinnslulínuna á árinu 2025 og er hún nú



fullafskrifuð. Rekstrargjöld urðu um 197 milljónum hærri en gert hafði verið ráð fyrir og skýrist af því að hagræðingaraðgerðirnar komu seinna til framkvæmda en gert hafði verið ráð fyrir, launakostnaður var 10% hærri en gert var ráð fyrir og svo var rekstur Endurvinnslustöðvanna dýrari en gert hafði verið ráð fyrir og skýringin á því var mikil magnaukning sem hækkað afsetningarkostnað hjá EVST um 276 milljónir króna á milli ára. Fjármagnskostnaður var 68 milljónum lægri en gert var ráð fyrir. Skýrist það af því að verðbólga var lægri en reiknað var með því voru verðbætur á lánin lægri

en gert var ráð fyrir, 600 milljóna lán frá Íslandsbanka var endurfjármagnað hjá Lánasjóði Sveitarfélaganna á hagstæðari vöxtum og svo komu inn vaxtatekjur af þeim lánum sem tekin voru fyrir nýrri endurvinnslustöð að Lambhaga á meðan fjármunirnir biðu á reikningum SORPU. EBITDA ársins var um 1.504 m.kr. eða einungis 32 m.kr. frá áætlun eða einungis 2,1%.

Farið var í fjölmargar hagræðingaraðgerðir á árinu 2025 sem skila 313 m.kr. í sparnað á ársgrundvelli. Vegur þar þyngst innvistun á urðunarstaðnum þar sem árlegur sparnaðurinn verður um 166 m.kr. á ársgrundvelli.

	Kostnaður fyrir innvistun	Sparnaður á ársgrundvelli
Urðunarstaður	237,600,000	166,746,532
Akstur vörubíla	80,400,000	56,135,000
Gámaleiga	80,200,000	54,345,000
Þrífverkefni í GAJU	16,600,000	9,178,000
Gassöfnunarkerfi	60,300,000	27,331,928
Samtals	475,100,000	313,736,460

Heildarkostnaður við þessi fimm verkefni var áður 475 m.kr. á ársgrundvelli en eftir breytingar er þessi kostnaður um 161 m.kr. á ársgrundvelli og sparnaðurinn því um 313 m.kr. á ári.

Tekjuáætlun SORPU stóðst að flestu leiti og var 65 m.kr. yfir áætlun eða 0,8%. Tekjur hækkuðu um 535 m.kr. árið 2025 eða um 6,9%. Liggur skýringin þar að mestu leiti í verðlagsþróun og hækkun á gjaldskrá til að mæta því.

Í áætlun fyrir árið 2023 var gert ráð fyrir að nýtt flokkunarkerfi og sérsöfnun, sem innleitt var á árinu 2023, myndi hafa áhrif á magn í hverjum úrgangsflokki. Hefur það raungerst en á árinu 2025 minnkaði flokkun á heimili úr 47% í 44%. SORPA er búð að meta það að fjárhagslegur ávinningur SORPU af því að flokkun yrði 100% yrði rúmlega 400 m.kr. á ársgrundvelli. Það er því til mikils að vinna að efla kynningarstarf til aukinnar og betri flokkunar en sjá mátti tilfærslu á magni úrgangs úr blandaða flokknum yfir í flokkana sem farið var að sérsafna.

Áform samlagsins um útflutning á brennanlegum úrgangi á árinu 2023 gengu eftir og hófst útflutningur á brennanlegum úrgangi síðari hluta ársins 2023 og var eins og áður segir árið 2024 fyrsta heila rekstrarárið sem brennanlegur úrgangur fór í útflutning. Útflutningur á brennanlegum úrgangi er hluti af stefnumarkandi áformum SORPU bs. um að draga verulega úr urðun úrgangs

² Umfjöllun í greinargerð miðast við móðurfélag Sorpu.

og koma úrgangi ofar í úrgangsbrihyrninginn. Á árinu 2025 var unnið að stofnun undirbúningsfélags að nýrri hátæknibrenslu og hefur félagið nú verið stofnað á árinu 2026.

Til að stuðla með markvissari hætti að sölu metan (unnið úr lífgasi frá Gaja og hauggasi frá urðunarstaðnum) var ákveðið að færa gashreinsistöðina úr SORPU bs. yfir í Metan ehf. Markmiðið með þeirri aðgerð er að aðskilja með skýrari hætti grunnstarfsemi SORPU frá heildsölu á metan. Stefnit er að því að gera þann rekstur sjálfbæran og svo selja Metan ehf. Voru allar eignir SORPU er tengjast gashreinsistöðinni (242 m.kr.) færðar yfir í Metan ehf. með hækkun hlutfjár.

Magntölur	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting 2024-2025
Endurvinnslustöðvar gjaldtekið inn (m3)	38.118	30.807	34.171	33.988	40.647	19,6%
Endurvinnslustöðvar út (tonn)	53.556	46.785	47.973	48.542	52.134	7,4%
Móttökustöð (tonn)	91.145	88.958	79.417	90.819	88.968	-2,0%
Álfsnes (tonn)	156.208	150.593	132.964	58.420	64.025	9,6%
GAJA (tonn)	21.510	26.896	29.751	21.624	20.735	-4,1%

Heimsóknir	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting 2024-2025
Endurvinnslustöðvar (fjöldi ökutækja)	902.067	858.829	957.404	983.588	972.504	-1,1%
Móttökustöð (fjöldi sölup)	49.796	49.730	46.519	50.814	49.146	-3,3%
Álfsnes (fjöldi sölup)	14.046	14.123	17.123	6.531	8.616	31,9%
GAJA (fjöldi sölup)	1.072	2.940	3.797	4.038	3.860	-4,4%

Endurvinnslustöðvar	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting 2024-2025
Tekjur í hliði (þkr)	218.773	236.801	292.908	322.024	412.424	9,9%
Endurnýtingarhlutfall	66,8%	69,0%	68,7%	80,4%	73,5%	-8,6%

Endurvinnslustöðvar eru reknar skv. þjónustusamningi samlagsins við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur þeirra eru ávallt jafnháar gjöldum og hefur rekstur þeirra því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins. Umferð á endurvinnslustöðvunum minnkaði á milli ára eða um 1,1%. Magn frá endurvinnslustöðvunum jókst um 19,6% á milli ára sem að sama skapi jók kostnað við afsetningu á efni frá endurvinnslustöðvunum. Tekjur í hliði voru um 39% hærrí en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum eða um 116 m.kr. Er nú farið í stað verkefni til að auka þessar tekjur enn frekar á árinu 2026. Opnunartími á endurvinnslustöðvunum var lengdur og er nú 9-19 alla daga á öllum stöðvum nema á Blíðubakka í Mosfellsbæ. Var þetta gert með breyttu vaktaskipulagi og var því enginn kostnaðaraukning við þessa breytingu.


Aðstæður á endurvinnslustöðvunum eru misgóðar þar sem magn inn á stöðvarnar hefur aukist mikið frá 2010 ásamt því að flokkum fjölgar stöðugt, plássleysi er því farið að hamla áframhaldandi þróun stöðvanna. Kópavogsbær óskaði eftir að endurvinnslustöðin á Dalvegi yrði lokað í september 2024 en þeirri lokun hefur ítrekað verið frestað. Búið er að úthluta SORPU nýrri lóð í stað Dalvegjar og mun ný endurvinnslustöð rísa á Glaðheima svæðinu í Kópavogi. Byrjað er að undirbúa hönnun nýrrar stöðvar en Kópavogsbær þarf að fara í breytingar á bæði aðalskipulagi og deiliskipulagi og er því ekki ljóst hvenær ný stöð mun rísa. Bygging nýrrar endurvinnslustöðvar að Lambhaga gekk vel á árinu 2025 og er hún á áætlun kostnaðarlega og er opnun áætluð í júní 2026. Endurspeglar nýja stöðin að Lambhaga 816 milljónir af eignfærðum fjárfestingum ársins 2025.

Rekstrartekjur

Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Mism.	%	Raun 2024	Mism.	%
Gufunes	5.923	6.040	-117	-1,9%	4.657	1.266	27,2%
Álfsnes	1.738	1.796	-58	-3,2%	2.308	-570	-24,7%
EVST og Grenndarg.	3.007	2.801	206	7,4%	2.428	579	23,8%
Góði Hirðirinn	712	686	26	3,8%	662	50	7,6%
Innri viðskipti	-3.067	-3.075	8	-0,3%	-2.277	-790	34,7%
	8.313	8.248	65	0,8%	7.778	535	6,9%

Tekjur samlagsins jukust á milli ára um 6,9% og mátti marka aukningu á öllum starfsstöðvum, nema Álfsnesi sbr. töflu hér að ofan. Kemur það til vegna áður nefnda breytinga á úrgangsméðhöndlun og hefur urðun milli 2023-2025 minnkað um 90% sem er umfram áætlunir og í samræmi við markmið SORPU um úrgangsbrihyrninginn. Áframhaldandi vöxtur var á tekjum móttöku- og flokkunarstöðvar í Gufunesi en stöðin varð á síðari hluta ársins 2023 kjarninn í starfsemi SORPU. Starfsemin í stöðinni er í æ ríkari mæli farin að snúast um móttöku á sérsöfnuðu efni, tryggja aðskilnað á milli efnisflokka og þróa hagkvæmar og sjálfbærar úrgangsméðhöndlunarleiðir í góðu samstarfi við aðila á markaði. Það er vekur athygli þegar tekjurnar eru bornar saman við

áætlaðar tekjur er að frávikin eru mest 7,4% hjá EVST og skýrist það af auknum verkefnum hjá grenndargámum og þrif teyminu sem tók yfir þrif á grenndargámum hjá Reykjavík og Kópavogi en ekki hafði verið áætlað fyrir því.



Rekstrargjöld hækkuðu um 275 m.kr. milli ára eða 3,8% (án innri viðskipta). Helsti munur frá áætlun er vegna:

Laun hækkuðu um 250 m.kr. á milli ára eða 10%. Skýrist það af launahækkunum og fjölgun stöðugilda. Fjöldi ársverka jókst úr 162 í 173 eða 6,7%. Skýrist þessi fjölgun stöðugilda helst af tvennu. Innvistun verkefna þýddi fækkun verktaka og í einhverjum tilvikum varð að ráða starfsmenn til að sinna þeim verkefnum sem áður voru á hendi verktaka. Við lokun á Múlalundi tók Góði Hirðirinn nokkra starfsmenn til sín samkvæmt samning við Vinnumálastofnun.


Móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs var 2,7 milljarðar sem er lækkun úr 2,86 milljörðum frá 2024. Þessi lækkun skýrist af eftirfarandi þáttum:

- Véla og gámaleiga lækkar um tæpar 300 m.kr. Skýringin á því er innvistun sem hafði áður verið í formi aðkeyptrar þjónustu – vorum að leigja tæki og tól sem SORPA hætti að leigja og keypti í staðinn. Fjárfestingarliðurinn hækkaði á móti en skilar mikilli hagræðingu heilt yfir.
- Tækniástoð lækkar um rúmlega 100 m.kr. Skýringin á því er einnig innvistun sem hafði áður verið í formi aðkeyptrar þjónustu og lækkun á kostnaði sem hafði verið vegna undirbúnings á nýrri endurvinnslustöð að Lambhaga sem féll ekki til á árinu 2025.
- Viðhald véla og tækja lækkar um 21 m.kr. Skýringin á því er að stofnuð var viðhaldsdeild sem stýrir viðhaldi á öllum tækjum SORPU með miðlægum hætti og tók upp Fixx viðhaldsstjórnunarkerfi. Með því varð viðhald fyrirbyggjandi og skipulagt sem hefur lækkað viðhaldskostnað í stað þess að laga þegar tæki bila.
- Eyðingargjöldin hækka á milli ára. Heildarmagn breyttist ekki en samsetning á magni breyttist. Blandað sorp sem fer til eyðingar í Svíþjóð jókst um 5,29%, ómálað timbur jókst um 150% enn fremur hækkaði gjaldskrá Stena í Svíþjóð um 40% á árinu 2025.

Rekstur húsnæðis og lóðar hækkaði um 13% milli ára eða um 84 m.kr. en var í samræmi við áætlanir ársins 2025. Liggur skýringin í auknu viðhaldi og frágangi lóða ásamt breytingum á skrifstofuhúsnæði SORPU til að ná fram betri nýtingu á húsnæðinu. Byrjað var á frágangi á urðunarstað á árinu 2024 með gróðursetningum og uppbyggingu á mönum og hélt sú vinna áfram á árinu 2025.

Rekstur endurvinnslustöðva var yfir áætlunum á árinu og reyndust gjöld umfram tekjur 94 m.kr. Hliðgjöld voru 39% yfir áætlunum eða um 116 m.kr. Það var vöxtur um 27% milli ára en hliðgjöld voru 323 milljónir árið 2024 og enduðu í 413 milljónum árið 2025. Rekstrargjöld voru um 2,7 milljarðar á árinu 2025 og hækkuðu um 377 milljónir á milli ára eða 16,2% og 8% yfir áætlun. Skýringin liggur fyrst og fremst í auknu magni milli ára en eyðingargjöld voru 220 m.kr. yfir áætlun eða 20%. Framkvæmdir við nýja endurvinnslustöð við Lambhaga hófust á árinu 2025 og er stefnt að opnum sumarið 2026. Rekstur endurvinnslustöðva er gerður upp á núlli sem þýðir að ef tekjur ársins eru umfram rekstrargjöld er sveitarfélögum endurgreiddur rekstrarafgangur ársins og á móti ef að gjöld eru umfram tekjur að þá eru sveitarfélögin rúkuð um það sem upp á vantar.


Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Mism.	%	Raun 2024	Mism.	%
Gufunes	5.488	5.425	63	1,2%	4.316	1.172	27,2%
Álfsnes	1.421	1.557	-136	-8,7%	2.154	-733	-34,0%
EVST og Grenndarg.	3.007	2.802	205	7,3%	2.432	575	23,6%
Góði Hirðirinn	712	655	57	8,7%	661	51	7,7%
Innri viðskipti	-3.067	-3.075	8	-0,3%	-2.277	-790	34,7%
	7.561	7.364	197	2,7%	7.286	275	3,8%




Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2025	31.12.2024	Breyting	Breyt %
Fastafjármunir	9.019	8.244	775	9%
Veltufjármunir án handb.fjár	1.437	753	684	91%
Handbært fé	785	508	277	55%
Eignir samtals	11.241	9.506	1.735	18%
Eigið fé	6.579	6.037	542	9%
Skuldbindingar	484	486	-2	0%
Langtímaskuldir	2.799	1.925	874	45%
Næsta árs afborganir langt. skulda	301	215	86	40%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.078	857	221	26%
Skuldir samtals	4.662	3.483	1.179	34%
Skuldir og eigið fé samtals	11.241	9.520	1.721	18%


Sjóðstreymi



Veltufé



Fjárfestingar



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum.

Eignabreytingar 2025

Fjárfestingar á árinu eru að fjárhæð 1.501 m.kr. sem er mikil hækkun miðað við áætlun sem gerði ráð fyrir 771 m.kr. í fjárfestingar en munar þar mestu fjárfesting í nýrri endurvinnslustöð að Lambhaga en fjárfestingin þar stóð um ármótin í 816 milljónum króna. Er þessi mikli munur tilkominn vegna þess að við áætlunurvinnuna fyrir 2025 var enn umtalsverð óvissa um útfærslu á endurvinnslustöðinni við Lambhaga og því kostnað. Af þeim sökum var ekki áætlað fyrir endurvinnslustöðinni að Lambaga.

Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur samlagsins árin 2021- 2025:

SORPA	2021	2022	2023	2024	2025
Eiginfjárhlutfall	55,62%	59,23%	59,70%	63,51%	58,53%
Arðsemi eigin fjár	6,63%	12,87%	1,59%	4,45%	8,58%
Veltufjárhlutfall	0,79	1,15	0,93	1,19	1,33
Skuldsetningarhlutfall	44,84%	37,57%	35,21%	31,89%	42,54%
Uppgreiðslutími	3,3	2,0	3,55	2,57	2,36
Heildarskuldir/rekstrartekjum	86,88%	67,91%	38,00%	44,60%	46,64%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	16,12%	20,86%	8,00%	14,20%	15,78%
Framlegð/rekstrartekjum	17,23%	22,54%	11,59%	14,77%	18,09%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjörsgreina um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt samlagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SORPU miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,296% 2025 en fyrir árið 56,577% 2024

Hlutur Reykjavíkur í rekstri SORPU bs. (m.kr.)	Raun 2025	Raun 2024	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.680	4.401	279	6,3%
Rekstrargjöld	-4.257	-4.122	-134	3,3%
EBITDA	847	650	197	30,2%
EBIT	423	278	145	52,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-119	-130	11	-8,3%
Rekstrarniðurstaða	305	149	156	104,7%

- Hagnaður samlagsins á árinu var um 541 m.kr. sem var 279 m.kr. betri niðurstaða en árið 2024.
- Kennitölur samlagsins eru áfram sterkar. Veltufjárhlutfall er nú 1,3 miðað við 1,2 árið 2024. Arðsemi eiginfjár í lok ársins er 8,58% miðað við 4,45% árið á undan. Framlegð á móti rekstrartekjum er 18,1% en var 14,8% árið 2024.
- Vinnuhópur er í gangi við að greina rekstur SORPU og koma með tillögur í samræmi við sátt við ESA um breytingar á rekstrarformi samlagsins. Þarf nýtt rekstrarform SORPU að koma til framkvæmda eigi síðar en 1.1.2027.
- Færsla endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða og breytingar á öðrum endurvinnslustöðvum kalla á töluverðar fjárfestingar á árunum 2025-2028. Áætlað er að þessar fjárfestingar verði fjármagnaðar með lántöku.
- Helsti áhættuþátturinn á gjaldahlið SORPU er kostnaður við brennanlegan úrgang. Kostnaður við hann byggist á kostnaði við skipaflutning, markaðseftirspurn á brennanlegu sorpi erlendis, veðurfari í Svíþjóð ásamt gengisþróun.

Ábendingar Fjármálasviðs:

- Mikilvægt er að hafa skýra sýn á sjálfbærni rekstarlíkans í ljósi aukin magns og afsetningarkostnaðar auk þrýstings á aðstöðu.

Strætó

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Breyting	%	Raun 2024	Breyting	%
Rekstrartekjur	12.999	14.392	-1.393	-10%	11.863	1.136	10%
Rekstrargjöld	-12.634	-13.907	1.273	-9%	-11.301	-1.334	12%
EBITDA	365	485	-120	-25%	562	-198	-35%
EBIT	109	257	-148	-58%	317	-208	-66%
Fjármagnsliðir	-97	-155	58	-38%	-113	17	-15%
Rekstrarniðurstaða	12	102	-90	-88%	204	-192	-94%


Rekstrarniðurstaða Hagnaður ársins 2025 var 12 m.kr., samanborið við 204 m.kr. hagnað árið 2024, og versnaði afkoma því um 192 m.kr. milli ára. EBITDA og EBIT lækkuðu jafnframt verulega frá fyrra ári og voru undir áætlun. Helstu skýringar liggja í breyttri tímasetningu og umfangi þjónustuaukningar, sem hafði áhrif á samsetningu rekstrarframlaga, auk þess sem áhrif nýs samnings um aðkeyptan akstur komu að fullu fram á árinu með hærri kostnaði. Afkoman endurspeglar þannig bæði breytta tekjusatsetningu og aukinn rekstrarkostnað á árinu.

Myndin sýnir þróun rekstrarniðurstöðu og hlutfalls rekstrarafkomu fyrir afskriftir (EBITDA) af tekjum á árunum 2023–2025. Þetta hlutfall gefur vísbendingu um hversu stór hluti tekna stendur eftir til að mæta afskriftum, fjármagnskostnaði og öðrum skuldbindingum.

Árið 2023 var rekstrarniðurstaða neikvæð um 374 m.kr. og framlegð af rekstri mjög lág, sem endurspeglar krefjandi rekstraraðstæður á því ári.

Árið 2024 varð verulegur viðsnúningur, þar sem rekstrarniðurstaða var jákvæð um 204 m.kr. og framlegð af rekstri um 5%. Árið 2025 dróst afkoman aftur saman og rekstrarhagnaður nam 12 m.kr. en framlegð af rekstri var um 3%.

Þróunin sýnir að þrátt fyrir að afkoma hafi versnað frá fyrra ári er rekstur áfram jákvæður og hefur náð betra jafnvægi en á fyrri árum.



Rekstrartekjur ársins 2025 voru 12.999 m.kr. sem er aukning um 1.136 m.kr. eða 10% miðað við rekstrartekjur ársins 2024, sem voru 11.863 m.kr. Tekjurnar voru 1.393 m.kr. lægri en áætlað var fyrir árið 2025, eða um 10%.

Rekstrartekjur (í m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Mism.	%	Raun 2024	Mism.	%
Fargjöld	2.364	2.464	-100	-4%	2.185	179	8%
Rekstrarframlög eigenda	5.384	6.386	-1.002	-16%	6.469	-1.085	-17%
Ríkisframlag	2.652	3.146	-494	-16%	906	1.746	193%
Pant akstursþjónusta	2.051	1.957	94	5%	1.822	229	13%
Aðrar tekjur	548	439	109	25%	481	67	14%
	12.999	14.392	-1.393	-10%	11.863	1.136	10%

Fargjöld ársins 2025 námu 2.364 m.kr. og jukust um 179 m.kr. frá fyrra ári eða um 8%. Tekjurnar voru 100 m.kr. undir áætlun sem jafngildir 4% fráviki.

Hækkun milli ára skýrist annars vegar af gjaldskrárbreytingu sem tók gildi 8. janúar 2025, þar sem stök fargjöld hækkuðu um 3,1% og tímabilskort um 3,7%, og hins vegar af þjónustuaukningu sem kom til framkvæmda í ágúst 2025. Aukið þjónustuframboð á síðari hluta ársins hafði jákvæð áhrif á farþegafjölda og tekjuöflun.

Á árinu var einnig hætt að taka við reiðufé frá og með 1. júní 2025. Sú breyting leiddi til aukinnar notkunar rafræna greiðsluleiða og breyttrar tekjusatsetningar. Þá var sala 24 og 72 klst. dagpassa aflögð og greiðsluþak í Klapp-kerfinu tekið upp í þeirra stað.

Þrátt fyrir gjaldskrárhækkun og aukið þjónustuframboð voru tekjur undir áætlun. Frávikið skýrist að hluta af því að þjónustuaukning kom síðar til framkvæmda en gert var ráð fyrir og hafði því ekki full áhrif á tekjur ársins í heild.

Rekstrarframlag eigenda og ríkis nam 8.036 m.kr. árið 2025 og jókst um 9% milla ára. Framlagið var þó 16% lægra en áætlað hafði verið, sem skýrist fyrst og fremst af seinkun á þjónustuaukningu sem gert var ráð fyrir í upphafi árs.

Hærra framlag frá ríkinu tengdist jafnframt aukinni aðkomu ríkisins að uppbyggingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu á grundvelli Samgöngusáttmálans.

Tekjur Pant akstursþjónustu námu 2.051 m.kr. árið 2025, sem er 94 m.kr. umfram áætlun og 229 m.kr. hækkun frá árinu 2024 eða 13% aukning. Þessi þjónusta er sérstaklega ætluð fötluðu fólki og eldri borgurum sem ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur vegna fötlunar eða annarra aðstæðna.

Akstursþjónustan byggir á samkomulagi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, að undanskildum Hafnarfirði og Kópavogi, um framkvæmd aksturs fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara. Sveitarfélögin meta heimild farþega, ákveða gjaldskrá og greiða verktakakostnað umfram fargjöld frá notendum.


Aðrar tekjur námu 548 m.kr. sem er 25% umfram áætlun og 14% hækkun frá fyrra ári. Þessar tekjur samanstanda meðal annars af þóknunum fyrir þjónustu sem tengjast Pant akstursþjónusta, sem og aksturs á landsbyggðinni.

Strætó annast skipulag og samræmingu almenningssamgangna á landsbyggðinni fyrir Vegagerðina. Vegagerðin er verkkaupi gagnvart verktökum sem sinna akstri og ber ábyrgð á fjármögnun þjónustunnar, en hlutverk Strætó felst í skipulagi og samræmingu innan þess ramma sem Vegagerðin setur.

Á höfuðborgarsvæðinu rekur Strætó jafnframt sex leiðir sem pöntunarþjónustu, annað hvort allan daginn eða hluta dags. Greiðsla fyrir ferðir í pöntunarþjónustu er sú sama og í hefðbundnum strætisvögnum og sveitarfélagið þar sem aksturinn fer fram ber kostnað þjónustunnar.

Strætó hóf næturalakstur um helgar árið 2018, en þjónustan var lögð niður í október 2022 vegna ónógrar nýtingar. Hún var tekin upp að nýju í febrúar 2023 og hefur frá september sama ár verið rekin í Reykjavík, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Næturalakstur er veittur á grundvelli fastra mánaðarlegra greiðslna samkvæmt samningum við viðkomandi sveitarfélög, óháð umfangi aksturs.

Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu rekstrartekna Strætó bs. árið 2025. Rekstrarframlög eigenda nema 41% af heildartekjum. Ríkisframlag er næststærsti tekjuliðurinn og nemur 20% af heildartekjum. Fargjöld standa undir 18% af heildartekjum og tekjur af Pant akstursþjónustu nema 16%. Aðrar tekjur eru 4% af heildartekjum og samanstanda af ýmsum þjónustugjöldum, þóknunum og öðrum tilfallandi tekjum.



Rekstrargjöld námu 12.634 m.kr. og hækkuðu um 1.334 m.kr. eða 12% frá árinu 2024. Hækkunin skýrist einkum af auknu þjónustuframboði á síðari hluta ársins og fullum áhrifum nýs samnings um aðkeyptan akstur sem tók gildi eftir útboði árið 2024 og felur í sér hærri einingaverð en áður.

Rekstrargjöld (í m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Mism.	%	Raun 2024	Mism.	%
Laun og launatengd gjöld	3.587	3.808	-221	-6%	3.442	145	4%
Rekstur vagna og aðkeyptur akstur	6.112	7.365	-1.253	-17%	5.268	844	16%
Pant akstursþjónusta	2.051	1.957	94	5%	1.822	229	13%
Annar rekstrarkostnaður	885	777	108	14%	769	116	15%
	12.634	13.907	-1.273	-9%	11.301	1.334	12%

Laun og launatengd gjöld námu 3.587 m.kr. árið 2025 og voru 221 m.kr. eða 6% undir áætlun. Frávikið skýrist fyrst og fremst af því að þjónustuaukning kom síðar til framkvæmda en gert var ráð fyrir og því varð mönnun og yfirvinna minni á fyrri hluta árs.

Rekstur vagna og aðkeyptur akstur nam 6.112 m.kr. árið 2025 samanborið við 5.268 m.kr. árið 2024. Hækkunin nam 844 m.kr. eða 16%.

Aðkeyptur akstur nam 5.209 m.kr. og hækkaði um 836 m.kr. eða 19% frá fyrra ári. Þar koma fram áhrif nýs samnings um aðkeyptan akstur og aukins umfangs aksturs vegna þjónustuaukningar haustið 2025. Akstur hjá verktökum nam rétt tæplega 50% af heildarakstri á árinu og hefur því þróun einingaverðs og umfang aðkeyptrar þjónustu veruleg áhrif á heildarkostnað.

Rekstur vagna og aðkeyptur akstur (í m.kr.)	Raun 2025	Raun 2024	Mism.	%
Aðkeyptur akstur	5.209	4.373	836	19%
Viðhalds og viðgerðakostnaður	281	262	19	7%
Orkugjafir	379	412	-33	-8%
Annar rekstrarkostnaður vagna	243	220	23	10%
	6.112	5.268	844	16%

Viðhalds- og viðgerðakostnaður nam 281 m.kr. og hækkaði um 7% milli ára. Kostnaður vegna orkugjafa nam 379 m.kr. og lækkaði um 8%. Annar rekstrarkostnaður vagna nam 243 m.kr. og hækkaði um 10%, einkum vegna leigu á nokkrum vögnum til

að mæta þjónustuaukningu og stöðu vagnaflotans, þar sem nauðsynlegt er að tryggja áreiðanlegt framboð vagna í daglegum rekstri.

Pant akstursþjónusta hækkaði um 13% frá 2024 eða um 229 m.kr. Hækkunin skýrist annars vegar af fjölgun ferða og hins vegar af hækkun á verði á ferð samkvæmt gildandi samningum.

Annar rekstrarkostnaður hækkaði milli ára og skýrist einkum af aukinni aðkeyptri þjónustu, meðal annars vegna útboðsgerða og verkefna tengdum uppbyggingu og rekstri hleðsluinnviða fyrir rafvagna. Þá jukust þjónustugjöld vegna rafrænna greiðslna á árinu í takt við aukna notkun snertilausra greiðslulausna. Strætó hætti að taka við reiðufé um mitt ár 2025, sem jók vægi rafrænna greiðsluleiða í innheimtu.

Kostnaður við markaðs- og kynningarmál var hærri en árið áður, einkum vegna kynningar á þjónustuaukningu á haustmánuðum. Þar vó þyngst átaksverkefni tengt uppfærslu á „Bestu leiðinni“, sem var kynnt í nýju og endurbættu útliti.


Myndin sýnir skiptingu rekstrargjalda Strætó bs. árið 2025. Stærsti hluti kostnaðar 48% tengist rekstri vagna og aðkeyptum akstri, sem endurspeglar bæði umfang aksturs og áhrif nýrra samninga um aðkeypta þjónustu.

Laun og launatengd gjöld nema 28% af heildarrekstrargjöldum og eru því næststærsti kostnaðarliður félagsins.

Kostnaður vegna Pant akstursþjónustu vegur 16% af heildargjöldum og endurspeglar umfang sérþjónustu við fatlað fólk og eldri borgara samkvæmt samningum við sveitarfélög.

Annar rekstrarkostnaður nemur 7% af heildargjöldum og samanstendur meðal annars af kostnaði vegna innviða, rafrænna greiðslulausna, markaðsmála og annarra stoðþjónustupáttá.

Samanlagt endurspeglar þessir liðir meginútgjaldaflokka Strætó og þá þætti sem hafa mest áhrif á rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.



Efnahagur

Heildareignir Strætó bs. námu 3.090 m.kr. í árslok 2025 samanborið við 3.052 m.kr. í árslok 2024. Eignir félagsins standa því að mestu í stað milli ára með lítilsháttar hækkun.

Fastafjármunir nema um 1.978 m.kr. og samanstanda einkum af varanlegum rekstrarfjármunum, þar á meðal strætisvögnum, áhöldum og tækjum auk hugbúnaðar. Á árinu 2025 var ekki fjárfest í nýjum vögnum, en fjárfest var í tækjabúnaði og hugbúnaði í tengslum við áframhaldandi þróun og uppfærslu kerfa félagsins.

Auk varanlegra rekstrarfjármuna er meðal fastafjármuna færður fyrirframgreiddur kostnaður vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð. Sá liður er tilkominn vegna lagabreytinga frá árinu 2017 þegar breytingar voru gerðar á réttindaávinnslu A-deildar Brúar lífeyrissjóðs. Í kjölfarið gerði Strætó upp framtíðarskuldbindingar sínar við sjóðinn og er kostnaðinum dreift til gjalda yfir langt tímabil í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.

Bókfært virði þessa liðar nam 530,5 m.kr. í árslok 2025 auk 27,9 m.kr. sem færðar eru meðal skammtímakrafna vegna gjaldfærslu næsta árs. Þar sem ekki lá fyrir ákveðin tímallengd á starfsemi félagsins við árslok 2025 var gjaldfærsla ársins í samræmi við upphaflega dreifingarátætlun. Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á starfsemi félagsins verður nýtingartími eignarinnar endurmetinn þegar skýrari mynd liggur fyrir.

Veltufjármunir námu 1.112 m.kr. í árslok 2025 samanborið við 853 m.kr. árið áður. Veltufjármunir samanstanda að stærstum hluta af handbæru fé og skammtímakröfum. Handbært fé nam 643,7 m.kr. í árslok og kröfur á tengda aðila námu 210,8 m.kr. Þá nema birgðir 114 m.kr. en aðrir liðir veltufjármuna samanstanda af viðskiptakröfum, fyrirframgreiddum kostnaði og öðrum skammtímakröfum.

Eigið fé félagsins var neikvætt um 148,8 m.kr. í árslok 2025 samanborið við neikvætt eigið fé um 160,8 m.kr. árið áður. Staðan batnaði því lítillega á árinu í samræmi við jákvæða rekstrarniðurstöðu ársins.

Neikvætt eigið fé á rætur að rekja meðal annars til uppgjors við Brú lífeyrissjóð sem Strætó tók á sínum tíma og nam um 1 ma.kr. Sá kostnaður hefur verið gjaldfærður yfir tíma og eru eftirstöðvar skuldbindingarinnar nú um 531 m.kr.


Þá höfðu rekstrarskilyrði á tímum COVID-19 einnig veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins, þegar fargjaldatekjur drógust verulega saman á sama tíma og mikilvægt var að viðhalda þjónustustigi almenningsamgangna. Eigendur lögðu félaginu til viðbótarframlög á tímabilinu sem komu að hluta til á móti rekstrartapi þessara ára.

Frá þeim tíma hefur rekstur félagsins einkennst af aðhaldi og samdrætti þar sem kostur hefur verið á. Á sama tíma er unnið að því að bæta þjónustu almenningsamgangna á grundvelli Samgöngusáttmálans sem ríkið og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa gert með sér, með það að markmiði að efla og styrkja almenningsamgöngur til framtíðar.

Heildarskuldir námu 3.239 m.kr. í árslok 2025 samanborið við 3.213 m.kr. árið áður og hækkuðu því lítillega milli ára. Langtímaskuldir fela meðal annars í sér lífeyrisskuldbindingu vegna Brúar lífeyrissjóðs sem varð til við breytingar á samþykktum sjóðsins árið 2023. Skuldbindingin nam 201 m.kr. í árslok 2025 og greiðist samkvæmt greiðsluáætlun á næstu árum. Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á starfsemi félagsins verður meðferð og uppgjör skuldbindingarinnar endurmetið eftir því sem skýrari mynd fæst af framtíðarfyrirkomulagi rekstrarins. Skammtímaskuldir endurspeгла að öðru leyti hefðbundið rekstraruppgjör og tímasetningu greiðslna.

Efnahagsstaða Strætó í árslok 2025 einkennist þannig af stöðugleika í eignum og skuldbindingum. Fyrirhugaðar breytingar á framtíðarfyrirkomulagi almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu munu þó hafa áhrif á starfsemi félagsins á næstu árum og móta áherslur í rekstri.

Sjóðstreymi




Handbært fé frá rekstri nam 457 m.kr. árið 2025 samanborið við 300 m.kr. árið áður. Þrátt fyrir að hagnaður ársins hafi verið 12 m.kr. en um 204 m.kr. árið 2024 var sjóðstreymi frá rekstri sterkara.

Sjóðstreymi endurspeglar ekki eingöngu bókfærðan hagnað heldur einnig raunverulegar greiðslur og breytingar á kröfum og skuldum. Á árinu 2025 höfðu slíkar breytingar jákvæð áhrif á lausafjárstöðu félagsins.

Veltufé frá rekstri nam 292,5 m.kr. og breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum höfðu jákvæð áhrif á sjóðstreymi að fjárhæð 164,2 m.kr.

Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 62,1 m.kr. og tengdust einkum fjárfestingu í tækjabúnaði og þróun kerfa félagsins. Ekki var fjárfest í nýjum vögnum á árinu í ljósi breyttra forsendna um framtíðarskipan rekstrarins. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 118,4 m.kr. og endurspeglar afborganir langtímalána. Engin ný lán voru tekin á árinu.

Heildaráhrif ársins voru hækkan handbærs fjár um 276,3 m.kr. Handbært fé nam 367,4 m.kr. í ársbyrjun og 643,7 m.kr. í árslok 2025. Styrk sjóðstaða í lok árs styður við skuldbindingar félagsins og veitir svigrúm til að halda uppi starfsemi þess á meðan unnið er að fyrirhuguðum breytingum á framtíðarfyrirkomulagi rekstrarins.



Myndin sýnir þróun veltufjár frá rekstri sem hlutfall af tekjum á tímabilinu 2020–2025. Árin 2020–2022 var hlutfallið neikvætt og náði lágsta punkti árið 2022 þegar það var um -4%, sem endurspeglar krefjandi rekstrarumhverfi og veikara sjóðstreymi á þeim tíma.

Árið 2023 varð viðsnúningur og hlutfallið varð jákvætt um 2%, og hækkaði enn frekar árið 2024 í um 4%. Árið 2025 nam veltufé frá rekstri um 2% af tekjum. Þrátt fyrir að hlutfallið hafi lækkað lítillega frá fyrra ári er það áfram jákvætt og endurspeglar að rekstur félagsins skilar handbæru fé.

Þróunin sýnir þannig skýran viðsnúning frá neikvæðu tímabili yfir í jákvætt sjóðstreymi frá rekstri, sem styður við lausafjárstöðu félagsins og getu þess til að mæta

skuldbindingum á meðan unnið er að breytingum á framtíðarfyrirkomulagi rekstrarins.

Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Strætó fyrir árin 2021-2025:

	2021	2022	2023	2024	2025
Eiginfjárhlutfall	25,9%	0,3%	-11,3%	-5,3%	-4,8%
Veltufjárhlutfall	0,7	0,7	0,5	0,6	0,7
Heildarskuldir/tekjur	28,1%	32,9%	32,2%	27,1%	24,9%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	-1,6%	-4,4%	2,2%	4,3%	2,3%
EBITDA framlegð	-1,3%	-3,8%	0,4%	4,7%	2,8%
Handbært fé í þús.kr.	465.764	539.236	370.350	367.430	643.712
Uppgreiðslutími	-9,7	-4,2	7,0	3,3	5,5

Kennitölur félagsins endurspeglar þróun rekstrar og fjárhagsstöðu á tímabilinu 2021–2025. Á undanförunum árum hefur orðið viðsnúningur í rekstri eftir krefjandi tímabil, sem birtist meðal annars í jákvæðu veltufé frá rekstri og bættri EBITDA framlegð frá árinu 2023. Þrátt fyrir að afkoma ársins 2025 hafi verið hófleg er sjóðstreymi frá rekstri jákvætt og lausafjárstaða sterkari en á fyrri árum.

Eiginfjárhlutfall er áfram neikvætt, sem endurspeglar uppsafnaða taprekstrarsögu fyrri ára. Þróunin sýnir þó stöðugleika á síðustu tveimur árum. Veltufjárhlutfall gefur til kynna að greiðslugeta til skamms tíma sé ásættanleg miðað við umfang rekstrar, og handbært fé í árslok 2025 nam 643,7 m.kr., sem styrkir stöðu félagsins gagnvart skuldbindingum. Hlutfall heildarskulda af rekstrartekjum hefur lækkað frá 2022 og bendir til bættrar skuldastöðu í samhengi við tekjuöflun. Uppgreiðslutími langtímaskulda, miðað við núverandi sjóðstreymi, gefur vísbendingu um greiðslugetu, en skal túlka með hliðsjón af fyrirhugaðum breytingum á skipulagi starfseminnar.

Í ljósi þess að rekstur Strætó mun breytast á næstu árum og hluti starfseminnar færast í nýtt fyrirkomulag ber að líta á kennitölur síðustu ára sem endurspeglun á stöðu félagsins á tímabili breytinga og aðlögunar að breyttum forsendum rekstrar.

Áhættustjórnun

Strætó bs. hefur innleitt heildstæða áhættustýringu sem felur í sér greiningu, mat og viðbrögð við helstu áhættuþáttum í starfsemi félagsins. Unnið er að formlegri áhættustefnu sem skilgreinir áhættuþol og áhættuvilja félagsins með það að markmiði að styrkja innra eftirlit, bæta viðbragðsáætlanir og stuðla að stöðugum og áreiðanlegum rekstri.

Áhættustýringin byggir á kerfisbundinni greiningu á þeim þáttum sem geta haft áhrif á starfsemi Strætó, mat á líkum og áhrifum þeirra og mótun aðgerða til að draga úr áhættu. Reglulegt eftirlit og endurskoðun tryggir að áhættumat taki mið af þróun rekstrar og breytingum í ytra umhverfi.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd áhættustýringar, en stjórn félagsins hefur eftirlit með því að kerfið sé virkt og að áhættumat sé yfirfarið reglulega. Stjórn og framkvæmdastjórn fara árlega yfir heildstætt áhættumat félagsins sem hluta af starfsáætlun stjórnar.

Helstu áhættuþættir í starfsemi Strætó tengjast rekstri, fjármálum og ytri aðstæðum. Rekstraráhætta getur meðal annars falist í truflunum á þjónustu, tæknilegum áskorunum, bilunum í ökutækjum eða skorti á hæfu starfsfólki. Fjárhagsleg áhætta felst í sveiflum í tekjum og kostnaði, meðal annars vegna breytinga á fargjaldtekjum, opinberum framlögum eða hækkandi rekstrarkostnaði. Ytri áhættuþættir tengjast meðal annars breytingum á lögum og reglugerðum, þróun samgöngukerfisins og umhverfis- og orkukröfum.

Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á skipulagi almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu og þess að gert er ráð fyrir að starfsemi Strætó ljúki á næstu árum hefur verið lögð sérstök áhersla á áhættugreiningu sem tengist rekstraröryggi og stöðugleika þjónustunnar á tímabili breytinga.

Aldur vagnaflorens og sú ákvörðun að ráðast ekki í nýjar fjárfestingar í vögnum á þessu tímabili getur aukið rekstraráhættu. Unnið er að viðbragðs- og rekstraráætlunum með það að markmiði að tryggja öruggan og stöðugan rekstur út starfsemi félagsins.

Óvissa um framtíðarskipulag starfseminnar hefur einnig áhrif á mannauð félagsins. Áhættumat tekur meðal annars til mögulegs þekkingartaps, mönnunaráskorana og áhrifa á þjónustugæði, bæði hjá vagnstjórum og starfsfólki stoðsviða.

Öryggi farþega og starfsfólks er ávallt í forgrunni í allri starfsemi Strætó. Með markvissri áhættustýringu leitast félagið við að lágmarka áhrif óvissu á rekstur og þjónustu, tryggja traust notenda og stuðla að ábyrgum og faglegum rekstri á tímabili breytinga.

Áhrif ytra umhverfis á starfsemi Strætó

Starfsemi Strætó bs. mótast af þróun í samgöngum, stefnu stjórnvalda í loftslags- og umhverfismálum og almennum efnahagsaðstæðum. Á undanförunum árum hefur aukin áhersla verið lögð á orkuskipti í almenningssamgöngum og innleiðingu umhverfisvænni vagna. Slík þróun krefst uppbyggingar innviða og samvinnu við opinbera aðila, orkufyrtæki og sveitarfélög til að tryggja að raforkukerfi og aðrir innviðir geti stutt við rekstur almenningssamgangna.

Þróun umferðar á höfuðborgarsvæðinu hefur einnig áhrif á rekstur Strætó. Aukin umferð og breytingar á skipulagi gatna geta haft áhrif á ferðatíma og áreiðanleika þjónustunnar. Jafnframt er unnið að uppbyggingu samgönguinnviða samkvæmt Samgöngusáttmálanum. Þessi þróun hefur áhrif á skipulag og þróun almenningssamgangna á svæðinu og mótar rekstrarumhverfi Strætó á meðan starfsemi félagsins stendur yfir.

Rekstrarumhverfi félagsins hefur einnig mótast af hækkandi kostnaði, meðal annars vegna launaþróunar, aðkeyptrar þjónustu og almennrar verðlagsþróunar. Þessar breytingar hafa áhrif á rekstrarforsendur og undirstrika mikilvægi þess að tryggja stöðugleika í rekstri á meðan starfsemi félagsins stendur yfir.

Á næstu árum mun starfsemi Strætó taka breytingum í tengslum við nýtt skipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem ákveðið hefur verið að innleiða. Hluti starfseminnar mun færast í nýtt fyrirkomulag, en eftir mun standa rekstur sem snýr að framkvæmd aksturs og þjónustu samkvæmt samningum. Á þessu tímabili verður lögð áhersla á stöðugleika í þjónustu, öruggan rekstur og áframhaldandi samstarf við eigendur og aðra hagsmunaaðila um þróun almenningssamgangna á svæðinu.

Framtíðarhorfur

Starfsemi Strætó bs. mun taka breytingum á næstu árum í tengslum við nýtt skipulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Nýtt félag hefur verið stofnað sem mun annast stefnumótun, skipulag og þróun almenningssamgangna á svæðinu.

Unnið er að yfirfærslu verkefna og starfsemi frá Strætó til hins nýja félags og er stefnt að því að þeirri vinnu verði að mestu lokið á fyrri hluta árs 2026. Með þeim breytingum munu verkefni sem tengjast skipulagi og þróun almenningssamgangna færast til hins nýja félags.

Í framhaldinu mun rekstur Strætó einkum snúa að framkvæmd aksturs og þjónustu samkvæmt gildandi samningum. Núverandi samningar um akstur gilda til loka árs 2028 og mun rekstur félagsins á næstu árum taka mið af þeirri tímalínu og undirbúningi að nýju útboði á þjónustunni.

Á þessu tímabili verður megináhersla lögð á að tryggja stöðugan og áreiðanlegan rekstur almenningssamgangna. Ekki er gert ráð fyrir fjárfestingum í nýjum vögnum og mun rekstur því byggjast á áframhaldandi nýtingu og viðhaldi núverandi vagnaflota. Aldur flotans og aukinn viðhaldskostnaður geta skapað ákveðnar áskoranir sem krefjast markvissrar forgangsröðunar í rekstri til að tryggja áreiðanlega þjónustu.

Mannauður félagsins gegnir jafnframt lykilhlutverki við að tryggja samfellu í þjónustu á þessu tímabili. Lögð verður áhersla á stöðugleika í rekstri, góða upplýsingagjöf og faglega stjórnun mannaúsmála til að tryggja að þekking og reynsla starfsfólks nýtist áfram í starfsemi.

Samkvæmt núverandi tímalínu er gert ráð fyrir að starfsemi Strætó ljúki á næstu árum samhliða því að nýtt fyrirkomulag almenningssamgangna tekur við.

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Rekstur Strætó var í jafnvægi á árinu 2025.
- Vegna uppgjörs reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Strætó miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,296% árið 2025 en 56,577% árið 2024:

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2025	Raun 2024	Breyting	%
Rekstrartekjur	7.318	6.712	606	9%
Rekstrargjöld	-7.113	-6.394	-719	11%
EBITDA	205	318	-113	-35%
EBIT	61	179	-118	-66%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-54	-64	10	-15%
Rekstrarniðurstaða	7	115	-108	-94%

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Mikilvægt er að hefja nú þegar greiningu á þeim þáttum sem munu standa eftir þegar rekstur almenningssamgangna verður alfarið kominn yfir í Almenningsgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf (ASH); ákveða þarf framtíðar rekstrarfyrirkomulag og gera áætlun um hvernig tekist verður á við fjárhagslegar skuldbindingar sem eftir standa.

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í árslok 2025 áttu Félagbústaðir 3.177 íbúðareiningar. Þar af voru 70% almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 12% þjónustuíbúðir fyrir aldraða, 15% íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga og 2% íbúðareiningar fyrir heimilislauða og 1% húsnæði utan kjarnastarfsemi.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir sf.** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,5551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Jafnlaunastofa sf. er samvinnufélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti Sambandi íslenskar sveitarfélaga, stofnað í nóvember 2021. Helsta hlutverk fyrirtækisins er að veita sveitarfélögum stuðning í jafnlaunamálum meðal annars með fræðslu og ráðgjöf, ásamt stuðningi við þróun greiningar- og matstækja sem stuðla að launajafnrétti og stuðla að gagnsæi launaákvæðana. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. Í upphafi árs var félagið 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en eftir slit Aflvaka hf. eignaðist Borgarsjóður 100% í félaginu. Við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum þriggja fyrirtækja; Höfða, Malbikstöðvarinnar og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til suður- og vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Dótturfyrirtæki í samstæðu Orkuveitunnar eru:

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi
Ljósleiðarinn ehf.	Gagnaflutningar
OR Eignir ehf.	Eignarhaldsfélag
Veitur ehf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa
Orka náttúrunnar ehf.	Vinnsla og sala rafmagns
ON Power ehf.	Vinnsla og sala rafmagns
OR - vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi
Eignarhaldsfélagið Carbfix ehf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun
Carbfix hf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun
Coda Terminal hf.	Uppbygging og rekstur á móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð.

Íþrótt- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,8% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

SORPA bs er 58,3% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. SORPA annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Aflvaki var hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var eignarhaldsfélag og var ekki með daglegan rekstur á árinu 2025. Félaginu var slitið í mars 2025.

Þjóðarleikvangur ehf er hlutafélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti ríki og KSÍ, stofnað 12. júní 2019. Tilgangur þess er að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.